



# SKÝRSLA AÐALFUNDAR 2018

STARFSEMI VIÐSKIPTARÁÐS

## STARFSEMI VIÐSKIPTARÁÐS

Skýrsla til aðalfundar 2018

## ÁBYRGÐARMÆÐUR

Ásta S. Fjeldsted

## HÖNNUN OG UMBROT

Jökulá ehf.

## UMSJÓN

Védís Hervör Árnadóttir

ISSN: 2547-7331

## PRENTUN:

Oddi, umhverfisvottuð prentsmiðja

Útgefið af Viðskiptaráði Íslands í febrúar 2018

*Rit þetta má afrita án þess að leita samþykkis en vinsamlega getið heimildar. Rafræna útgáfu ritsins má nálgast á vefsíðu Viðskiptaráðs*

## UM VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

Viðskiptaráð Íslands er heildarsamtök fyrirtækja, félaga og einstaklinga í íslensku viðskiptalífi. Allir sem stunda rekstur geta átt aðild að ráðinu. Viðskiptaráð er vettvangur viðskiptalífsins til að vinna að framförum sem stuðla að bættu rekstrarumhverfi og aukinni velmegun.



### VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

Borgartúni 35, 105 Reykjavík


SÍMI: 510 7100

NETFANG: [vi@vi.is](mailto:vi@vi.is)

VEFSÍÐA: [www.vi.is](http://www.vi.is)



SKÝRSLA AÐALFUNDAR 2018



# EFNISYFIRLIT

06	ÁVARP
08	VIÐSKIPTARÁÐ Í 100 ÁR
18	HLUTVERK OG STJÓRNSKIPULAG
23	NEFNDIR OG SAMSTARFSVERKEFNI
29	BARÁTTA FYRIR BÆTTU REKSTRARUMHVERFI
68	MÁL SVARI ATVINNULÍFSINS
78	BAKHJARL MENNTUNAR
86	VETT VANGUR TENGLA
94	ÞJÓNUSTA SKRIFSTOFU
96	SKRIFSTOFUSTARFSEMI
102	ÁRSREIKNINGAR

# ÁVARP

## VIÐSKIPTARÁÐ Í 100 ÁR



Viðskiptaráð Íslands fagnaði aldarafmæli sínu 17. september síðastliðinn. Á slíkum tímamótum er vert að staldra við og horfa yfir farinn veg. Höft á verslun og viðskipti, heimsstyrjaldir og kreppur hafa sett mark sitt á sögu íslensks efnahagslífs en stórhuga og kraftmikið athafnafólk ásamt framsýnu stjórn mála fólki, og dugnaði og vinnu-semi Íslendinga, hefur þó stuðlað að sjálfstæði og sjálfbærni íslensks atvinnulífs. Tilgangur Viðskiptaráðs, eða Verzlunarráðs eins og það hét fram til ársins 2005, hefur allt frá stofnun þess ætíð verið sá sami; að stuðla að umbótum í íslensku viðskiptalífi. Saga ráðsins endurspeglar í raun þróun íslensks þjóðfélags frá aldamótum 1900 og var í tilefni afmælisins ráðist í útgáfu hátíðarrits sem og heimildarmyndar sem fangar þessa áhugaverðu sögu.

Hlutverk Viðskiptaráðs Íslands lýtur fyrst og fremst að því að gæta hagsmuna viðskiptalífsins, stuðla að hagfelldu skattaumhverfi, lágmarka afskipti hins opinbera og auka samkeppnishæfni. Það kemur þó einnig skýrt fram í

lögum ráðsins að Viðskiptaráð skuli vera vettvangur fyrir nýjar hugmyndir, opnar umræður og skoðanaskipti um framfaramál íslensks atvinnulífs.

Viðskiptaráð á því að taka sér stefnumótandi stöðu sem vettvangur framsækinnna hugmynda og framfara til framtíðar í íslensku atvinnulífi. Fyrir tilstilli tækniþróunar virðist „framtíð“ þessi aldrei hafa nálgast hraðar en einmitt núna en heimurinn er að umbreytast hraðar og af annarri stærðargráðu en áður þekktist. Því er enn mikilvægara nú en áður að sinna þessari mikilvægu stefnumótun.

---

### FRÁ INNRI MÁLUM TIL ALÞJÓÐASÝNAR

---

Viðskiptaráð hefur verið ötull stuðningsaðili Samráðsvettvangs um aukna hagsæld sem vann úr tillögum sem lagðar voru fram í Íslandsskýrslu McKinsey árið 2012. Meginstef skýrslunnar snéri að framleiðni áskorun

landsins og var umbótatillögum skipt niður í fjóra flokka: opinbera-, auðlinda-, alþjóða- og innlenda þjónustugeirann. Hafa geirarnir fjórir árlega verið umfjöllunarefni í aðdraganda Viðskiptaþings. Viðskiptaráð mun áfram starfa með þessar áherslur til hliðsjónar en hefur sett stefnu um að líta meira út á við, á þá alþjóðlegu krafta sem móta nýja heimsmynd í viðskiptum.

Til að á Íslandi megi ríkja áframhaldandi hagsæld til lengri tíma þurfum við að vera samstillt í því hvert við viljum halda og stilla fókussinn rétt. Við þurfum að vera hnitmiðuð og skipulögð í okkar stefnumörkun fyrir framtíðina. Þar sem algjör straumhvörf eru að eiga sér stað á viðskiptamörkuðum heimsins gerir Viðskiptaráð nú ákall til forystufólks þjóðarinnar og atvinnulífsins um að stilla linsuna rétt til að tryggja að hér megi ríkja stöðugleiki og hagsæld til lengri tíma. Viðskiptaráð leggur til nálgun þar sem horft er til framtíðar í gegnum fjórar „framtíðarlínur“ sem hver um sig fangar sérstæðan fókus

á efnahagslífið. Eftirtaldar linsur eru nánar útskýrðar í skýrslunni undir kafl-  
anum um langtímastefnu ráðsins:



**Stafræna linsan** setur tækniþróun í  
fókus.



**Mannauðslinsan** leggur áherslu á  
öflugan mannauð og er beintengd  
umræðu um menntamál og fjöl-  
breytileika.



**Umhverfisinsan** snýr að náttúrunni  
og sjálfbærni hennar.



**Tengslalinsan** setur okkar alþjóðlegu  
tengsl og samskipti í fókus.

Linsurnar eru ekki tæmandi, heldur  
byrjunin á hnitmiðuðu samtali sem

Viðskiptaráð vill eiga á næstu misserum  
við fyrirtæki og fólkið í landinu sem og  
stjórnvöld. Íslenska hagkerfið hefur að  
jafnaði verið sveiflukennt, drifið áfram  
af mikilvægum auðlindagreinum, en  
að sama skapi skiptir miklu máli að  
fjölga stoðum undir hagvöxt og stuðla  
að fjölbreyttara atvinnulífi til að vinna  
á móti slíkum sveiflum. Við trúum því  
að til að ná árangri saman þurfum  
við að stilla fókusinn til lengri tíma  
og framkalla skýra mynd af framtíð  
landsins.

---

## LEIÐANDI AFL BREYTINGA

---

Íslenskt viðskiptalíf hefur tekið þátt í að  
móta íslenskt samfélag og mun gera

það áfram. Viðskiptaráð Íslands mun  
leggja sitt á vogarskálarnar til að efla  
viðskipti sem skila aukinni hagsæld  
til þeirra sem landið byggja. Enn á ný  
stöndum við frammi fyrir byltingu,  
sem mun kollvarpa hagkerfum og því  
hvernig hlutirnir hafa verið gerðir. Það  
eru því spennandi tímar framundan  
í íslensku samfélagi og viðskiptalífi.  
Þar skiptir máli að vinna saman sem  
heild, þvert á atvinnulífið, stjórn málin  
og háskólasamfélagið.

Við þökkum öllum aðildarfélögum  
Viðskiptaráðs fyrir samstarfið á  
undanförnum árum og hlökkum  
til áframhaldandi samvinnu í þágu  
frampróunar íslensks atvinnulífs og  
samfélags.

*Katrín Olga Jóh.*

*Asta S. Fjeldsted*

# SAGAN - VIÐSKIPTARÁÐ Í 100 ÁR

## #100ÁRVÍ

*„Á þeim 100 árum sem Viðskiptaráð hefur starfað höfum við farið úr því að vera bændasamfélag í það að vera nútímalegt tæknivætt þjóðfélag. Læra má margt af reynslunni en mikilvægara er þó á þessum tímamótum að brýna fyrir okkur þörfina á að vera sífelld að þróast og þroskast sem samfélag. Stöðnun og þröngsýni eru ekki samferðamenn framtíðar. Ef Ísland ætlar að halda áfram að viðhalda góðum lífs-gæðum fyrir þegna sína, þarf að sýna kjark til að horfa til lengri tíma, breyta kerfum og móta ný. Þar er viðskiptalífið engin undantekning.“*

-Úr grein Katrínar Olgu Jóhannesdóttur formanns og Ástu S. Fjeldsted, framkvæmdastjóra Viðskiptaráðs í tilefni af aldarafmæli ráðsins

---

### UPPHAFIÐ

---

Saga Viðskiptaráðs Íslands (áður Verslunarráð Íslands) er samofin sögu verslunar og viðskipta hér á landi. Ráðið var stofnað 17. september 1917 í

KFUM húsinu við Amtmannsstíg. Eins og fram kom í frétt á forsíðu Morgunblaðsins þann 19. september sama ár var boðað til stofnfundarins til að koma á „fulltrúaráði fyrir verzlun, iðnað og siglingar“. Forveri ráðsins var Kaupmannaráð Reykjavíkur sem stofnað var árið 1914. Að fundinum stóðu 73 einstaklingar og fyrirtæki, en síðar bættust fleiri í hópinn og teljast stofnendur ráðsins vera 156 talsins.

Á þeim tíma er ráðið var stofnað var fyrri heimstýrjöldin enn í algleymingi, með þeirri eynd og eyðileggingu sem henni fylgdi. Svarf þá einnig að Íslendingum, þótt þeir tækju ekki beinan þátt í stríðinu. Þetta átti ekki síst við á sviði verslunar og viðskipta. Þannig var stofnun ráðsins einnig tilraun verslunarstéttarinnar til að leysa þau vandamál sem stýrjöldinni fylgdu.

---

### STARFSEMIN EFTIR SEINNI HEIMSTYRJÖLD

---

Á árunum eftir seinni heimsstyrjöld

fóru verkefni ráðsins að snúast meira að efnahagsmálum, bankamálum, verðlagsmálum, utanríkisviðskiptum, gjaldeyrismálum og skattamálum. Mikið var unnið í verðlagsmálum og ítrekaði Viðskiptaráð reglulega við yfirvöld kröfu sína um frjálsa verðmyndun til að heilbrigð samkeppni fengi að ráða vöruverði og þjónustu við almenning. Þá barðist ráðið ötullega gegn ríkiseinkasölu sem lengi vel tíðkaðist í ýmsum vöruflokkum, m.a. viðtækjum, raftækjum, eldspýtum og bifreiðum. Forsvarsmenn ráðsins töldu að með frjálsri verslun mætti stuðla að bættri þjónustu við almenning í landinu, auknu úrvali og lægra verði, hvort sem um væri að ræða viðskipti innanlands eða í viðskiptum við útlönd.

Þá nýttu meðlimir Viðskiptaráðs sér reglulega upplýsingaskrifstofu ráðsins ásamt erlendum viðskiptaskrárum sem finna mátti á bókasafni ráðsins. Jafnframt aðstoðaði skrifstofa þess erlenda kaupsýslumenn sem komu til landsins og erlend sendiráð m.a. með því að veita þeim upplýsingar um íslenskt atvinnulíf. Í gegnum



tíðina hefur ráðið einnig stuðlað að heimsóknum erlendra fyrirlesara til að kynna félögum strauma og stefnur í viðskiptalífi annars staðar í heiminum. Þeir gestir hafa m.a. verið fulltrúar norrænna viðskiptaráða, evrópskir og bandarískir hagfræðingar ásamt fulltrúum stofnana á borð við Alþjóða efnahags- og framfarastofnunina. (e. OECD).

Viðskiptaráð hefur frá upphafi verið vettvangur félaga, einstaklinga og fyrirtækja í atvinnurekstri, óháð starfsgreinum eða stærð. Í því felst einmitt styrkur ráðsins. Í 100 ára sögu þess hafa margir mætir einstaklingar komið að störfum þess og líklegt að svo verði um ókomna tíð.

---

## VELGJÖRÐARMENN RÁÐSINS

---

Viðskiptaráð Íslands hefur átt marga velgjörðarmenn í gegnum tíðina. Þar hafa fáir lagt meira af mörkum en hjónin Hallfríður Proppé og Páll Stefánsson frá Þverá í Aðaldal. Í janúar árið 1953 var fulltrúum ráðsins skýrt frá því að þau hjónin hefðu ákveðið að ánafna ráðinu allar eigin sínar eftir sinn dag. Í erfðaskrá hjónanna kom fram að allar skuldlausar eignir dánarbúsins skyldu ganga til ráðsins og þar með

stofnaður sjóður er nefnist Sjóður Fríðu Proppé og P. Stefánssonar frá Þverá. Tilgangur sjóðsins er að efla hag íslenskrar viðskiptastéttar, vernda rétt hennar, efla frjáls viðskipti og vinna gegn hvers konar ófrelsi, ríkiseinkasölu og sérréttindum einstakra fyrirtækja. Úr sjóðnum er árlega veittur námsstyrkur og leggur Viðskiptaráð fram annan jafnan styrk úr eigin sjóðum.

---

## HEIÐURSFÉLAGAR

---

Á þúsundasta fundi stjórnar Viðskiptaráðs í október árið 1958 var ákveðið að gera Garðar Gíslason, stórkaupmann og fyrsta formann ráðsins, að heiðursfélaga þess. Þá var Egill Guttormsson gerður að heiðursfélaga á 50 ára afmæli Viðskiptaráðs í september 1967. Egill var fyrsti formaður bankaráðs Verslunarbankans, einnig var hann formaður skólanevndar Verslunarskóla Íslands, formaður VR um langa hríð ásamt því að sitja í stjórn Viðskiptaráðs. Það var svo aftur árið 2012 að fimm heiðursfélagar voru útnefndir af stjórn:

DAVÍÐ SCHEVING  
THORSTEINSSON

FÆDDUR 1930

---

HARALDUR  
SVEINSSON

FÆDDUR 1925

---

HJALTI GEIR  
KRISTJÁNSSON

FÆDDUR 1926

---

JÓHANN J.  
ÓLAFSSON

FÆDDUR 1935

---

RAGNAR S.  
HALLDÓRSSON

FÆDDUR 1929



KIRKJUSTRÆTI 8B

1917



EIMSKIPAHÚSIÐ

1921



ÞÓRSHAMAR VIÐ TEMPLARASUND

1947



AUSTURSTRÆTI 16

1953




LAUFÁSVEGUR 36

1962



HÚS VERSLUNARINNAR

1982



HÚS ATVINNULÍFSINS

2014

## HÚSAKYNNI VÍ

Skrifstofur Viðskiptaráðs hafa verið staðsettar víðsvegar um miðborg Reykjavíkur, en fyrsta skrifstofa ráðsins var í Kirkjustræti 8b, þar sem nú eru skrifstofur Alþingis. Þá var ráðið í mörg ár til húsa á efstu hæð Eimskipafélagshússins við Pósthússtræti. Árið 1947 tók ráðið á leigu eina hæð í húsinu Þórshamri við Templarasund sem þóttu rúmgóð og vistleg húsakynni í samræmi við vaxandi umsvif ráðsins. Þá var Viðskiptaráð einnig um tíma til húsa í Austurstræti 16 (þá Pósthússtræti 7). Um miðjan sjötta áratuginn keypti ráðið húseign þeirra hjóna við Laufásveg 36 og varð andvirði hússins stofnfé minningarsjóðs Fríðu og Páls. Ráðið flutti síðan skrifstofur sínar þangað árið 1962. Fríða Proppé

bjó á efri hæð hússins þar til hún lést um vorið 1965.

Fyrir um 35 árum, þann 12. júlí 1982, flutti Viðskiptaráð starfsemi sína frá Laufásvegi yfir í Hús verslunarinnar og var fyrst eigenda til að flytja inn í húsið. Tildrög byggingar Húss verslunarinnar má rekja allt aftur til ráðstefnu sem haldin var á Höfn í Hornafirði árið 1971. Fyrstu skóflustunguna að húsinu tók Hjörtur Hjartarson fyrrum formaður ráðsins og formaður byggingarnefndar hússins árið 1976, en þá var Gísli V. Einarsson formaður ráðsins. Húsinu var valinn staður á lóð í Kringlumýrinni á svæði sem kallað var „nýi miðbærinn“, þar sem síðar reis m.a. Kringlan og Borgarleikhúsið. Aðstaða á nýrri skrifstofu ráðsins gjörbreyttist við flutninginn, þó fyrra húsnæði hafi verið yfirgefið með nokkrum söknuði vegna fegurðar og sögulegra tengsla.

## ÁSÝND RÁÐSINS Í TAKT VIÐ TÍMANN

Ráðið eignaðist félagsmerki árið 1925 og í byrjun árs 1926 var það sett í haus Verslunartíðinda, mánaðarrits ráðsins. Núverandi merki ráðsins var tekið í notkun á 65 ára afmæli ráðsins en það minnir á blómið, sem táknað vöxt og eld, sem er tákn frelsis. Merkið þótti vel við hæfi þar sem Viðskiptaráð hefur í gegnum árin verið kyndilberi frjálsra atvinnuhátta og vill ennfremur stuðla að vexti og grósku í atvinnulífi landsmanna. Í september árið 2005 var ákveðið að breyta nafni Verslunarráðs Íslands í Viðskiptaráð Íslands. Undangenginn áratug hafði orðið mikil breyting á íslensku viðskiptaumhverfi, en aukin fjölbreytni fyrirtækja innan ráðsins einkenndi umfram annað þá breytingu.



# NOKKRIR HÁPUNKTAR Í STARFI VIÐSKIPTARÁÐS ÍSLANDS



- Tók að sér stjórn Verzlunarskóla Íslands árið 1922 og hefur verið bakhjarl skólans allar götur síðan
- Stofnaðili Háskólans í Reykjavík og einn af bakhjörllum hans í dag
- Stofnandi Kaupþings Reykjavíkur árið 1921, forvera Kauphallarinnar
- Kom að stofnun upplýsinga- og innheimtuskrifstofu fyrir kaupsýslumenn árið 1928, sem síðar varð hluti af Creditinfo
- Aðstoðaði við að semja fyrsta frumvarp laga um varnir gegn óréttmætum verslunarháttum
- Stuðlaði að stofnun Verslunarbanka Íslands hf. og Tollvörugeymslunnar hf.
- Hefur annast útgáfu og eftirfylgni við leiðbeiningar um stjórnarhætti frá árinu 2003
- Kortlagði í fyrsta skipti á Íslandi umfang lítilla og meðalstórra fyrirtækja í hagkerfinu árið 2009
- Stendur ár hvert fyrir mælingum á samkeppnishæfni Íslands í samstarfi við IMD viðskiptaháskólann í Sviss
- Beitti sér fyrir endurskilgreiningu á því hvaða leiðir Ísland ætti að fara í kjölfar hrunsins sem lauk með aðkomu ráðgjafafyrirtækisins McKinsey & Company sem gaf út títtnefnda Íslandsskýrslu McKinsey árið 2012
- Hefur veitt hinum þverpólítiska og -faglega Samráðsvettvangi um aukna hagsæld stuðning í orði og verki þar sem formenn ráðsins hafa átt sæti í vettvanginum og starfsmenn þess komið að vinnu verkefnisstjórnarinnar

# HÁTÍÐ - VIÐSKIPTARÁÐ Í 100 ÁR

## #100ÁRVÍ

Á tímamótum sem aldarafmæli er þótti við hæfi að efna til hátíðarviðburða sem fanga myndu áherslur ráðsins, fjölbreytnina í starfi þess og tengingu við menntun. Var fyrst efnt til þriggja daga Verkkeppni þar sem ungt fólk kepptist við að leysa áskorunina “Hvernig verður Ísland tæknivæddasta land í heimi árið 2025?” og síðan til opins viðburðar í stóra sal Háskólabíós með stuðningi Háskólans í Reykjavík og Háskóla Íslands. Kvöldhátíð var svo haldin samdægurs með aðildarfélögum og öðrum velunnurum ráðsins.

---

### HÚSFYLLIR Á OPNUM FYRIRLESTRI DOMINIC BARTON

---

Í tilefni af aldarafmæli Viðskiptaráðs bauð ráðið upp á opinn fyrirlestur í Háskólabíói fyrir fullum sal af fólki. Þar flutti Dominic Barton, forstjóri McKinsey & Company, eftirminnilegan fyrirlestur fyrir fólk hvaðanæva að úr atvinnulífinu og háskólaumhverfinu. Fyrirlesturinn var einstakt tækifæri fyrir nemendur og

aðra til þess að hlusta á einn fremsta leiðtoga heims á sínu sviði og um leið skyggjast inn í þarfir framtíðarinnar. Fyrirlesturinn var jafnframt einn af mörgum hátíðarliðum Viðskiptaráðs Íslands í tilefni af aldarafmælinu.

Dagskráin í Háskólabíói var einstaklega hátíðleg en 10 ára gamla undrabarnið Ásta Dóra Finnsdóttir setti hátíðina formlega með píanóflutningi sínum á verkinu Fantaisie-Impromptu Op. 66 eftir Frédéric Chopin, áður en forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson

ávarpaði salinn. Lagði forsetinn fram óskarad sitt þess efnis að viðskiptalífi myndi afla með réttu, gæta með visku og veita með mildi. Framkvæmdastjóri ráðsins, Ásta S. Fjeldsted afhenti forsetanum fyrsta eintakið af 100 ára sögu Viðskiptaráðs af þessu tilefni en hann á jafnframt opunarávarpið í hátíðarritinu. Formaður Viðskiptaráðs, Katrín Olga Jóhannesdóttir, flutti ræðu um framsýni og leiðtogahæfni í íslensku samfélagi og biðlaði til hins opinbera að skapa umgjörð sem gæfi farveg fyrir nýja tíma. Tók svo Dominic Barton við

---

„Ég held að einhugur um grundvallaratriðin, hver sem er við völd, sé mjög mikilvægt, því þið eruð of fá til að skiptast í fylkingar. Ef þið eruð klofin er leikurinn tapaður. Einn kosturinn við fámennið er að þið getið verið einbeittari og ákveðnari og þið getið gert hlutina miklu hraðar en aðrir geta. Með smæðinni hafið þið forskot hvað hraða og stefnu varðar. Þið getið unnið mjög hratt. Smæðin þýðir að þið getið verið skörp en ég held að þið verðið að einbeita ykkur betur. Þið getið ekki breitt úr ykkur eins og hnetusmjöri, það verður að vera einbeiting, stefna, ef hún er góð og áhrifarík. Þið getum breytt reglunum til að meiri nýsköpun geti átt sér stað. Þið getið margfaldað kraft ykkar.“

*- Dominic Barton, forstjóri alþjóðlega ráðgjafafyrirtækisins  
McKinsey & Company á 100 ára afmæli Viðskiptaráðs*



með hughrífandi erindi sínu um forystu á tímum fjórðu iðnbyltingarinnar. Að endingu tilkynnti menntamálaráðherra, Kristján Þór Júlíusson, sigurvegara í Verkkeppni Viðskiptaráðs í samstarfi við Háskólann í Reykjavík og Háskóla Íslands. Fundinum stýrði framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, Ásta S. Fjeldsted.

Viðburðinum var streymt beint á miðlum Viðskiptaráðs sem og Vísi.is fyrir landsbyggð og aðra sem ekki sáu sér fært að mæta í Háskólabíó.

---

## FULLTRÚAR FRAMTÍÐARINNAR Í NÝSTÁRLEGRI VERKKEPPNI

---

Óhætt er að segja að aðstandendur

og dómnefnd Verkkeppninnar hafi öðlast aukið traust til hugsuða framtíðarinnar þegar keppendur í fyrstu Verkkeppni Viðskiptaráðs unnu að og kynntu hugmyndir sínar. Fjórir læknanemar á sjötta ári og einn hugbúnaðarverkfræðinemi urðu hlutskarpastir með hugmynd sína um að bylta heilbrigðiskerfinu með nýtingu gervigreindar. Hugmynd þeirra byggði á því að hagkvæmara sé að fyrirbyggja sjúkdóma í stað þess að meðhöndla þá eftir að þeir koma fram. Þannig megi draga verulega úr útgjöldum hins opinbera og nýta fjármuni í aðra málaflokka. Nánar er fjallað um Verkkeppnina í kaflanum um Bakhjarl menntunar.



---

## NOSTALGÍA LIÐINNA 100 ÁRA SVEIF YFIR VÖTNUM Í HÖRPU

---

Að afmælisdegi loknum var við hæfi að taka fram ballskóna og hylla síðustu 100 ár ráðsins í góðum félagsskap. Afmælishátíðin sjálf fór fram þann 21. september í Silfurbergi Hörpu og var húsfyllir á þessum tímamótum ráðsins. María Ellingsen, veislustjóri, steig með gesti inn í tímavél þar sem nostalgia liðinna 100 ára fyllti öll skynjunarvit við mat, drykk og tónlist. Á hátíðarkvöldinu voru jafnframt sýnd brot úr nýrri heimildarmynd um Viðskiptaráð - Hugvit leyst úr höftum - Viðskiptaráð í 100 ár .

1000 átt  
VIÐSKIPTARÁÐ  
ÍSLANDS



---

## 100 ÁRA HÁTÍÐARRIT VIÐSKIPTARÁÐS

---

Glæsilegt hátíðarrit var gefið út í tilefni af 100 ára afmæli ráðsins þann 17. september síðastliðinn. Í bókinni er 100 ára saga Viðskiptaráðs rituð af sagnfræðingunum Magnúsi Sveini Helgasyni og Stefáni Pálssyni. Bókina prýðir fjöldi mynda og fróðleikur ásamt kveðjum frá forseta Íslands og forsætisráðherra. Þar eru einnig viðtöl við forsvarsmenn þeirra aðildarféлага er fylgt hafa ráðinu í yfir 90 ár. Að lokum er gægst inn í framtíðina með fjölbreyttum gestaskrifum. Ritstjórar bókarinnar eru Ásta S. Fjeldsted og Védís Hervör Árnadóttir.

---

## HUGVIT LEYST ÚR HÖFTUM - HEIMILDARMYND UM VIÐSKIPTARÁÐ Í 100 ÁR

---

Það er fátt sem fangar sögu jafn vel og kvikmynd. Það var einhugur starfsteymisins að ráðast ætti í gott kvikað efni sem styddi við sögu ráðsins og gerði henni góð skil. Síðla árs 2016 hófst því undirbúningur heimildarmyndar um sögu Viðskipta-

ráðs. Þótti þá kjörið að samnýta efnivið frá sagnfræðingunum Magnúsi Sveini Helgasyni og Stefáni Pálssyni er rituðu söguna fyrir hátíðarritið. Úr varð að handritsgerð var í höndum þeirra og samskiptastjóra ráðsins, Védísar Hervarar Árnadóttur sem jafnframt talsetti myndina og verkefnastýrði. Um framleiðslu sá Tjarnargatan undir leikstjórn Baldvins Albertssonar. Í heimildarmyndinni er leitast við að skoða efnahagslega sögu landsins í víðum skilningi og staðsetningu Viðskiptaráðs, sem hét Verzlunarráð lengst framan af, í þeirri sögu. Dýrmætt myndefni er að finna í myndinni sem og viðtöl við Davíð Scheving, fyrrum framkvæmdastjóra ráðsins og heiðursféлага og Hrafnhildi



Stefánsdóttur, hæstaréttarlögmann, meðal annarra en Hrafnhildur var fyrsta konan til að flytja erindi á Viðskiptaþingi. Heimildarmyndin var frumsýnd á RÚV þann 23. janúar 2018.

---


## VIÐHAFNARÚTGÁFA FRÍMERKIS

---

Frímerkjasala Íslandspósts gaf út frímerki í tilefni af aldarafmæli Viðskiptaráðs Íslands. Ráðið þakkar Íslandspósti innilega fyrir heiðurinn sem því er sýndur með þessari viðhafnarútgáfu.

Merkið er hannað af Hany Hadaya en á myndinni má sjá hjól atvinnulífsins snúast í ólíkum litum og gerðum.

Við undirbúning 100 ára afmælisins tók til starfa sérstök afmælisnefnd undir forystu formanns ráðsins, Katrínar Olgu Jóhannesdóttur, framkvæmdastjórans Ástu S. Fjeldsted og samskiptastjórans Védísar Hervarar Árnadóttur ásamt Gylfa Sigfússyni og Magneu Þóreyju Hjálmarsdóttur.



Úr heimildarmyndinni „Hugvit leyst úr höftum - Viðskiptaráð í 100 ár“



DAVÍÐ SCHEVING THORSTEINSSON

Fyrrv. framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs og athafnamaður







Afmælishátíð í Hörpu



# HLUTVERK OG STJÓRNSKIPULAG VIÐSKIPTARÁÐS

Megintilgangur Viðskiptaráðs er og hefur ávallt verið að gæta hagsmuna viðskiptalífsins. Á stofnfundi ráðsins í KFUM-húsinu fyrir 100 árum síðan voru samþykkt lög sem höfðu að geyma ítarlega lýsingu á verksviði Verzlunarráðs, eins og það hét þá. Þar var efst á blaði að svara fyrirspurnum frá stjórnvöldum og veita umsagnir um hvers kyns lög og reglugerðir. Að koma á festu og samræmi í viðskiptavenjum, þar á meðal með stofnun gerðardóms. Því næst að vinna skýrslur um atvinnumál og fylgjast með breytingum á erlendri löggjöf. Að lokum var stefnt að blaðaútgáfu með fréttum og opinberum tilkynningum um verslunarmál.

Margt hefur breyst á þessum tíma og ráðið starfar nú á breiðari grunni sem heildarsamtök íslenskra fyrirtækja. Grunnmarkmiðið er þó engu að síður það sama, að vinna að bættum rekstrarskilyrðum atvinnulífsins og skapa þannig grundvöll fyrir aukna verðmætasköpun og bættum lífskjörum hérlandis.

Í lögum Viðskiptaráðs segir að ráðið skuli meðal annars:

- 1. Vera vettvangur fyrir nýjar hugmyndir, opnar umræður og skoðanaskipti um framfaramál íslensks atvinnulífs.** Í því felst m.a. að beita sér fyrir breytingum á lögum, reglum og stjórnarháttum með útgefnu efni, viðburðum og með því að veita umsagnir um lagafrumvörp er varða íslenskt viðskiptalíf.
- 2. Stuðla að málefnalegum umræðum og aukinni samvinnu milli stjórnvalda, atvinnulífsins og annarra hagsmunaaðila um mótun framtíðarstefnu í efnahagsmálum** og mikilvægi verðmætasköpunar einkageirans.
- 3. Vinna að auknum viðskiptatengslum milli Íslands og annarra ríkja,** veita erlendum aðilum upplýsingar um viðskipti við Ísland og vera fulltrúi íslensks viðskiptalífs

gagnvart erlendum viðskiptaráðum og öðrum erlendum aðilum á starfssviði sínu.

- 4. Stuðla að aukinni þekkingu, menntun, rannsóknum og nýsköpun innan atvinnulífsins** og reka starfsemi tengda þessu markmiði ef svo ber undir.
- 5. Vinna að aukinni framleiðni, virkri samkeppni og hagfelldum fjárfestingarskilyrðum** á öllum sviðum efnahagslífsins.
- 6. Vinna gegn útpenslu hins opinbera og aukinni skattheimtu á kostnað atvinnulífsins.** Í því felst m.a. að stuðla að umbótum í skattamálum, bættri nýtingu opinberra fjármuna og auknu vægi einkaframtaks.

Viðskiptaráð vinnur að þessum markmiðum með fjölpættum hætti. Þar ber helst að nefna stefnumörkun í efnahagsmálum, beina hagsmunaa-

gæslu atvinnulífsins, stuðning við uppbyggingu menntunar, eflingu tengsla og margþætt framlag til aukinnar ábyrgðar og gagnsæis í viðskiptum.

---

## STJÓRNSKIPULAG RÁÐSINS

---

Öll fyrirtæki, samtök fyrirtækja, félög og einstaklingar sem reka viðskipti á samkeppnisgrundvelli geta átt aðild að Viðskiptaráði.

Stjórn Viðskiptaráðs fer með æðsta vald í málefnum ráðsins. **Í stjórn sitja 38 einstaklingar að meðtöldum formanni.** Kosið er til stjórnar á tveggja ára fresti og allir aðildarfélagar ráðsins eru kjörgengir. **Framkvæmdastjórn stýrir daglegum rekstri en í henni sitja 7 einstaklingar.** Stjórn ráðsins kýs framkvæmdastjórn í kjölfar stjórnarkjörs hverju sinni.

Sömu aðilar skipa stjórn **Mennta-  
sjóðs Viðskiptaráðs (MVÍ)** og framkvæmdastjórn. Stjórn MVÍ stýrir menntastarfsemi ráðsins. Undir hana falla styrkveitingar til náms, rannsókna og annarra verkefna sem efla íslenskt menntakerfi. Auk þessa heldur MVÍ utan um meirihlutaeign í Háskólanum í

Reykjavík og tilnefnir þriðjung meðlima fulltrúaráðs Verzlunarskóla Íslands.

Að lokum starfa **þrettán millilandaráð** innan vébanda Viðskiptaráðs. **Forstöðumaður Alþjóðasviðs** Viðskiptaráðs heldur utan um starfsemi ráðanna. Meginmarkmið millilandaráða felst í eflingu tvíhliða tengsla á Íslands við þau lönd sem ráðin tengjast. Hvert og eitt millilandaráð hefur sjálfstæða stjórn og mótar eigin áherslur.



# STJÓRN VIÐSKIPTARÁÐS

2016 - 2018



**KATRÍN OLGA  
JÓHANNESDÓTTIR**

*FORMADUR*



**ANDRÍ ÞÓR  
GUÐMUNDSSON**



**ARI  
EDWALD**



**ARI  
FENGER**



**ÁGÚST  
HAFBERG**



**ÁRNI GEIR  
PÁLSSON**



**BIRGIR  
SIGURÐSSON**



**BIRKIR HÓLM  
GUÐNASON**



**BIRNA  
EINARSDÓTTIR**



**EGGERT BENEDIKT  
GUÐMUNDSSON**



**EGGERT P.  
KRISTÓFERSSON**



**FINNUR  
ODDSSON**



**GÍSLI  
HJÁLMTÝSSON**



**GUÐMUNDUR J.  
JÓNSSON**



**GYLFI  
SIGFÚSSON**



**HELGA HLÍN  
HÁKONARDÓTTIR**



**HELGA MELKORKA  
ÓTTARSDÓTTIR**



**HERMANN  
BJÖRNSSON**



**HRUND  
RUDOLFSDÓTTIR**



**HÖRÐUR  
ARNARSSON**



**JAKOB  
SIGURÐSSON**



**KATRÍN  
PÉTURSDÓTTIR**



**KRISTÍN  
PÉTURSDÓTTIR**



**LINDA  
JÓNSDÓTTIR**



**MAGNEA PÓREY  
HJÁLMARSDÓTTIR**



**MAGNÚS  
BJARNASON**



**MAGNÚS ÞÓR  
ÁSMUNDSSON**



**SIGRÚN RAGNA  
ÓLAFSDÓTTIR**



**SIGURÐUR  
VIÐARSSON**



**SIGURHJÖRTUR  
SIGFÚSSON**



**STEFÁN  
PÉTURSSON**



**STEFÁN  
SIGURÐSSON**



**STEINÞÓR  
PÁLSSON**



**SVANBJÖRN  
THORODDSEN**



**SVEINN  
SÖLVASON**



**SÆVAR FREYR  
ÞRÁINSSON**



**VIÐAR  
ÞORKELSSON**



**VILHJÁLUR  
VILHJÁLMSSON**

Stálið er málmurinn mikli, sem meistari Guðmundur Arason valdi sér til að reisa framtíðardraum sinn á. Í fyrstu rak hann smíðju er síðar þróaðist í innflutningsfyrirtæki á járni og stáli. Fyrirtækið byggir því á traustum grunni og hefur alla tíð verið þekkt fyrir góða þjónustu.

- GUÐMUNDUR ARASON

## Hönnun í hávegum höfð

- EPAL

Við nýtum auðlindir Íslands sem felast í vatninu, loftinu og endurnýjanlegum orkugjöfum til ræktunar á hágæða afurðum við sjálfbærar og umhverfisvænar aðstæður. Afurðir okkar eru matreiddar um heim allan af matreiðslumeisturum í fremstu röð.

- JURT HYDROPONICS

Í yfir 100 ár hefur Nathan & Olsen verið mikilvægur hlekkur í verzlunarsögu Íslands með innflutningi sínum og markaðsetningu á eftirsóttu vöruvali hvaðanæva úr heimi.

- NATHAN & OLSEN

Við fjárfestum í og styðjum fyrirtæki til vaxtar sem hafa möguleika á að verða leiðtogar á sínu sviði á heimsvísu.

- EYRIR INVEST

Áratuga stjórnendareynsla ráðgjafa Strategíu liggur til grundvallar áherslum okkar á notagildi og einfaldleika þannig að vinna okkar leiði til bættra vinnubragða og sé virðisaukandi fyrir fyrirtæki.

- STRATEGÍA

Við erum stolt af því að virkja það besta sem Ísland hefur upp á að bjóða – hreina orku, frábært starfsfólk og bestu fánlegu tækni – til að framleiða umhverfisvænasta ál í heimi.

- NORÐURÁL

## Við gerum daglegt líf þægilegra

- IKEA

Með rætur í sjávarútvegi hefur TM í yfir 60 ár veitt fyrirtækjum og einstaklingum framúrskarandi þjónustu og vernd gegn áföllum. Gildin um einfaldleika, sanngirni, heiðarleika og framsækni eru okkar leiðarljós í áskorunum og tækifærum á markaði sem tekur hröðum breytingum.

- TM

# NEFNDIR OG SAMSTARFSVERKEFNI

Starfsfólk og stjórnarmenn Viðskiptaráðs sitja í margvíslegum nefndum og starfshópum og beita sér fyrir hagsmunum viðskiptalífsins á þeim vettvangi. Af slíkri samvinnu má helst nefna eftirfarandi verkefni.

---

## SAMRÁÐSVETTANGUR UM AUKNA HAGSÆLD

---

Viðskiptaráð Íslands hefur tekið virkan þátt í störfum Samráðsvettvangs um aukna hagsæld, sem komið var á fót í kjölfar útgáfu McKinsey skýrslunnar árið 2013. Hugmyndafræði vettvangsins fellur vel að sjónarmiðum ráðsins um mikilvægi þess að marka skýra og heildstæða langtímastefnu í efnahagsmálum sem miðar að aukinni framleiðni á öllum sviðum hagkerfisins og stuðlar að hagvexti til lengri tíma. Katrín Olga Jóhannesdóttir, formaður Viðskiptaráðs situr sem varaformaður hópsins.

Það má teljast til afreka að hafa náð helstu hagsmunaaðilum í íslensku efnahagslífi saman við eitt borð til

að ræða mörg þeirra umdeildu mála sem hafa verið til umfjöllunar. Árangur þessarar vinnu hefur verið tvíþættur. Annars vegar eru það viðamiklar hagvaxtartillögur sem Verkefnastjórn vettvangsins setti fram og spönnuðu alla hluta hagkerfisins. Ýmsar þessara tillagna eru þegar komnar til framkvæmda, þótt Viðskiptaráð hefði vissulega viljað sjá hraðari framgang í þeim málum eins og fram kom í skýrslunni Leiðin að aukinni hagsæld, sem er eins konar stöðurit um framgang tillagnanna. Hins vegar eru ekki síður mikilvægar þær umræður sem eiga sér stað innan vettvangsins en þar eru ágreiningsefni rædd á málefnalegan hátt og kraftur settur í þá þætti sem ríkir samstaða um. Vettvangurinn heyrir formlega undir forsætisráðuneytið og verður áhugavert að fylgjast með næstu skrefum með nýrri ríkisstjórn.

---

## RÁÐGJAFARNEFND UM OPINBERAR EFTIRLITSREGLUR

---

Fulltrúi Viðskiptaráðs á sæti í ráðgjafarnefnd forsætisráðuneytisins um

opinberar eftirlitsreglur. Nefndinni er ætlað að vinna að aukinni hagkvæmni og skilvirkni í opinberu eftirliti. Í vinnu sinni hefur nefndin það að leiðarljósi að eftirlit eigi að ná markmiðum sínum án þess að íþyngja einstaklingum og fyrirtækjum meira en nauðsyn er og án þess að það takmarki athafnafrelsi umfram það sem almannahagsmunir krefjast.

---

## SAMRÁÐSHÓPUR UTANRÍKISRÁÐUNEYTISINS OG ATVINNULÍFS UM EES REGLUVERK

---

Fulltrúi Viðskiptaráðs situr í samráðshóp á vegum utanríkisráðuneytisins um EES regluverk. Hópurinn fundar reglulega og fjallar um helstu málefni sem eru ofarlega á baugi hjá Evrópusambandinu og hafa verið skilgreind sem EES forgangsmál á Íslandi. Starf samráðshópsins tekur til allra stiga EES ferlisins; löggjöf Evrópusambandsins í mótun, upptaka gerða í EES samninginn og loks innleiðingu gerða í íslenskan rétt.

# MÁLEFNAHÓPAR VIÐSKIPTARÁÐS

Til að vera öflugur málsvari viðskiptalífsins og standa fyrir umbótum á sviði efnahagsmála þarf Viðskiptaráð Íslands að viðhalda mörgum snertipunktum við fyrirtækin í landinu. Til margra ára hefur sérstökum málefnaþópum verið komið á fót innan Viðskiptaráðs til þess að vinna að sértækum málum sem eru í brennidepli hverju sinni. Málefnaþóparnir eru skipaðir fulltrúum úr íslensku viðskiptalífi sem saman mynda breiða heild hagsmuna sem tekið er tillit til í starfinu. Í upphafi ársins 2017 voru stofnaðir efnahags-, alþjóða- og fjölbreytniþópar sem koma til með að marka stefnu sinna málefnaflokkanna og fylgja þeim eftir. Þar gefst stjórnendum í íslensku viðskiptalífi tækifæri til að viðra hugmyndir sínar og skoðanir um viðkomandi málaflökk. Þessi umræðuvettvangur nýtist ráðinu í hugmynda-vinnu og á að vera uppspretta aðgerða og umbóta fyrir efnahagslífið.

---

## EFNAHAGSHÓPURINN

---

Í dag snýst umræðan í efnahagsþópnum, hjá Viðskiptaráði og viðskipta og efnahagslífinu öllu, um



leiðir til að draga úr sveiflum sem hafa fylgt okkur í gegnum tíðina. Efnahags saga Íslands er uppfyll af dæmum um upp- og niðursveiflur innan einstakra atvinnugreina, og má finna einstaklinga úr flestum þeim greinum í efnahagsþópi Viðskiptaráðs. Östöðugleikinn hefur ætíð vegið að íslensku efnahagslífi í heild sinni og er ein helsta birtingarmynd þess lág framleiðni hér á landi.

Innlendum fyrirtækjum reynist erfitt að móta langtímaáætlanir, byggja upp sérhæfingu og fjárfesta í tækjum og mannauði til að auka rekstrarhagkvæmni í óstöðugu efnahagsumhverfi. Peningamálin eru atvinnulífinu mjög hugleikinn og studdi hópurinn meðal annars við vinnu í aðdraganda Peningamálafundar Viðskiptaráðs Íslands í nóvember síðastliðnum (sjá bls. 25).



# PENINGAMÁL ÁRLEGT VIÐFANGSEFNI

Viðskiptaráð stendur fyrir peningamálafundi í nóvember ár hvert þar sem seðlabankastjóri fer yfir stöðu og horfur í efnahagsmálum og umræður fara fram í kjölfarið. Ráðið leitast við að varpa ljósi á þau atriði í peningamálum sem helst standa fyrirtækjum í viðskiptalífínu fyrir þrífum á ári hverju.

Árið 2016 flutti Már Guðmundsson seðlabankastjóri aðalerindið undir yfirskriftinni „Peningastefnan: árangur og endurskoðun?“. Í erindi sínu sagði Már að staða efnahagsmála á Íslandi hafi sjaldan verið betri. Íslendingar hafi fengið verulega búbot síðustu ár þrátt fyrir að hafa gengið hægar um gleðinnar dyr en oft áður í uppsveiflum. Hann fjallaði í kjölfarið um þrjú efni: vaxtastigið í lengri tíma samhengi, gjaldeyrismarkaðinn og hugsanlegar breytingar á ramma peningastefnunnar.

Að loknu erindi Má s fóru fram umræður. Þar tóku þátt Arnór Sighvatsson, aðstoðarseðlabankastjóri, Ásgeir



Jónsson, dósent við Háskóla Íslands, Eva Sóley Guðbjörnsdóttir, fjármála- stjóri Advania, Iða Brá Benediktsdóttir, framkvæmdastjóri fjárfestingabanka- sviðs Arion banka og Valdimar Ármann, framkvæmdastjóri sjóða hjá GAMMA. Katrín Olga Jóhannesdóttir, formaður Viðskiptaráðs, flutti opunarávarp og Frosti Ólafsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, stýrði fundinum.

Árið 2017 flutti Már Guðmundsson seðlabankastjóri einnig aðalerindi fundarins og fór yfir árangur og áskoranir peningastefnunnar. Fjallaði

hann um innflæðishöft með ítarlegum hætti og hvernig þau yrðu möguleg sem þjóð- hagsvarúðartæki, þó þau yrði lögð niður þá væru þau tæki sem bankinn gæti gripið til til að styðja krónuna. Á fundinum voru sýnd örviðtöl við stjórnendur úr viðskipta- lífinu um peningastefnuna og jafnframt fóru fram líf- legar umræður að loknu erindi Má s sem svaraði m.a. því til að kollegar sínir á Norðurlöndunum myndu „krjúpa á kné og biðja til

guðs um að geta verið með íslenskt vaxtastig“ – og var þar að ýja að því að við værum öfundsverð af okkar tiltölulega háa vaxtastigi. Auk Má s Guðmundssonar, tóku Valdimar Ármann, forstjóri GAMMA, Finnur Oddsson, forstjóri Nýherja, Helga Valfells, framkvæmdastjóri og stofnandi Strawberry Capital, Henný Hinz, deildarstjóri hagdeildar ASÍ, þátt í umræðum. Katrín Olga Jóhannes- dóttir, formaður Viðskiptaráðs, flutti opunarávarp og Kristrún Frostadóttir, hagfræðingur Viðskiptaráðs, stýrði fundinum.



---

## ALPJÓÐAGEIRAHÓPURINN

---

Huga þarf að fleiri stoðum undir hagkerfið til að stuðla að hagvexti til lengri tíma og ber þar hæst að efla útflutningsgreinar sem eru óháðar staðbundnum auðlindum landsins. Þetta eru greinar sem byggjast fyrst

og fremst á hugviti og nýsköpun og var að þessu tilefni málefnaþpur um alþjóðageirann komið á fót. Mikill vilji er fyrir því að jafna út sveiflur í efnahagslífinu hér á landi og stuðla að aukinni langtímahugsun í efnahagsmálum. Ef líta á lengra fram á veginn, að uppsprettu áframhaldandi hagvaxtar, má segja að stærsta efnahagsmálið sé framþróun alþjóðageirans á Íslandi.

Markmið alþjóðageirahóps Viðskiptaráðs er að vinna að eflingu á starfsumhverfi alþjóðlegra fyrirtækja á Íslandi og byggja á áherslum sem lagt var upp með í Íslandsskýrslu McKinsey árið 2012 sem og ítarlegri útlitun þeirra af Samráðsvettvangi um aukna hagsæld. Vera má að þar sem Alþjóðageirinn á Íslandi stólar fyrst og fremst á hugvitið fremur en náttúruauðlindir eða mikinn innflutning sé hann ekki mikið deiluefni - hvorki í stjórnámalum né í samfélaginu öllu. Sú hagsveifla sem nú stendur yfir hefur reynst geiranum erfið þar sem sterk króna hefur aukið launakostnað samhliða almennum launahækkunum. Hefur þetta dregið talsvert úr samkeppnisstöðu Íslands sem starfsstaður alþjóðlegra fyrirtækja í landinu. Fremstu fyrirtæki alþjóðageirans á Íslandi sem enn dvelja hér í dag er að megninu til vegna reynslugrunns eða tilfinningalegra hvata, fremur en af hagkvæmni. Því er markmið hópsins brýnt verkefni.

---

## FJÖLBREYTNIHÓPURINN


---

Stórt hagsmunamál fyrir viðskiptalífið á Íslandi er aukin fjölbreytni, hvort heldur sem er í mannauði eða rekstri. Á þeim grunni var fjölbreytnihópur



Viðskiptaráðs stofnaður. Markmið hópsins er að stuðla að fjölbreyttara atvinnulífi hér á landi og er innan hópsins tekið mið af ýmsum þáttum fjölbreytileikans. Horft er annars vegar til fjölbreytni í mannauði, t.d. kyn, aldur, þjóðerni, kynhneigð og menntun. Hins vegar er litið til fjölbreytni í rekstri, t.d. rekstrarform, eignarhald, vinnutími og starfsstöð. Vinna hópsins

grundvallast helst í gerð myndbanda um hvern fjölbreytnipátt fyrir sig þar sem fram koma staðreyndir um hvers vegna fjölbreytni er mikilvægur þáttur í viðskiptum og nærtæk dæmi sem draga má lærdóm af. Munu myndböndin og þær staðreyndir sem þar koma fram nýtast í málefnavarfi sem og kynningum og öðru sem haldið er á vegum ráðsins.



# BARÁTTA FYRIR BÆTTU REKSTRARUMHVERFI

Sem heildarsamtök viðskiptalífsins starfar Viðskiptaráð að hagsmunum allra sem stunda viðskipti. Það er eitt öflugasta tæki viðskiptalífsins í baráttunni fyrir úrbótum á rekstrarumhverfi fyrirtækja og bættum starfsskilyrðum með jafnræði, frjálsa samkeppni og heilbrigða viðskiptahætti að leiðarljósi.

Einn af grundvallarþáttunum í þeirri baráttu er að efla skilning almennings á mikilvægi frjálsræðis í viðskiptum, lágmarkun opinberra afskipta, hagfelld skattaumhverfis og annarra þátta er miða að því að auka samkeppnishæfni Íslands. Viðskiptaráð starfrækir því málefnastarf sem ætlað er að vera uppspretta nýrra hugmynda og rökstuddra tillagna að bættu rekstrarumhverfi fyrirtækja hérlendis.

Tillögur ráðsins mæta reglulega andstöðu frá ýmsum aðilum í þjóðfélaginu. Jarðvegur fyrir tillögum Viðskiptaráðs hefur því verið misjafnlega frjósamur í gegnum árin og margar þeirra hafa verið umdeildar. Það er því

eilífðarverkefni ráðsins að vinna með málefnalegum hætti að því að vinna sjónarmiðum um viðskiptafrelsi og bætt rekstrarumhverfi fylgis meðal almennings og ólíkra aðila í samfélaginu.

Til lengri tíma hefur árangurinn hins vegar verið ótvíræður. Þannig hefur ráðið stuðlað að framförum í viðskiptalífinu í 100 ár bæði með beinum og óbeinum hætti. Mörg af stærstu framfaraskrefum í viðskiptasögu landsins má rekja til frækorna sem sáð hefur verið af Viðskiptaráði Íslands.

---

## LANGTÍMASTEFNA MÓTUÐ

---

Margt hefur áunnist á síðastliðnum tveimur árum ef litið er til efnahagsþróunar hér á landi. Fjármagnshöft voru að fullu afnumin í mars á síðasta ári og hagvöxtur síðustu tveggja ára stefnir í 5,5%, eftir sterkan vöxt árin áður. Þrátt fyrir mikinn kraft í efnahagslífinu hafa gagnrýnisraddir þó heyrst um sjálfbærni áframhaldandi hagvaxtar,

sér í lagi þar sem útflutningur hefur að miklu leyti verið drifinn áfram að einni atvinnugrein, ferðapjónustunni. Hraður vöxtur í greininni hefur reynt á innviði greinarinnar, og innflæði fjármagns sem fylgir ferðamönnunum hefur ekki fylgt útflæði til jafns sem hefur leitt til mikillar styrkingar krónunnar. Þá benda flestar hagspár fyrir komandi ár til að hagvöxtur verði verulega háður ferðapjónustu. Útflutningsgreinar, bæði í framleiðslu og þjónustu hafa kvartað sáran yfir minnkandi samkeppnishæfni sökum þessa, auk þess sem miklar launahækkanir síðustu ára vega þungt. Launavísitalan mæld í evrum hækkaði um 60% milli árana 2012 og 2016.

Viðskiptaráð hefur lagt áherslu á langtímastefnu Íslands í efnahagsmálum á undanförunum árum. Þrátt fyrir ágætan hagvaxtartakt og að margt hafi áunnist á undanförunum árum kallar atvinnulífið enn eftir langtímasýn hjá stjórnvöldum. Viðskiptaráð hefur unnið eftir tillögum frá Samráðsvettvangi um aukna hagsæld á undanförunum árum, en vettvangurinn var stofnaður í

Stálið er málmurinn mikli, sem meistari Guðmundur Arason valdi sér til að reisa framtíðardraum sinn á. Í fyrstu rak hann smiðju er síðar þróaðist í innflutningsfyrirtæki á járn og stál. Fyrirtækið byggir því á traustum grunni og hefur alla tíð verið þekkt fyrir góða þjónustu.

- GUÐMUNDUR ARASON

Samvinnufélagið Auðhumla er lífæð mjólkurframleiðenda á félagssvæði þess og starfar á hrámjólkurmarkaði. Liðlega 90% eignarhlutur Auðhumlu svf. í Mjólkursamsögunni ehf. er verðmætasta eign félagsins, fyrirtæki sem umbreytir mjólkurhráefni í fyrsta flokks vörur og skapar með því mikil verðmæti mjólkurframleiðendum til handa um leið og það tryggir neytendum góðar mjólkurvörur á lágu verði.

- AUÐHUMLA

Starfsfólk Miðlunar hefur búið til ánægða viðskiptavini og betri heim síðan 1985 – það höfum við gert með því að vera leiðandi afl í útvistun á samskiptaferlum fyrirtækja og félagasamtaka.

- MIÐLUN

Arion banki leggur sig fram um að vera drifkraftur í íslensku samfélagi með því að veita alhliða bankþjónustu og styðja við nýsköpun og verðmætaaukningu í atvinnulífinu.

- ARION BANKI

Origo hefur frá því að fyrstu tölvurnar komu til Íslands verið leiðandi afl í þróun upplýsingatækni hérlandis. Verkefni okkar hefur verið það sama frá upphafi, að aðstoða viðskiptavini að ná enn betri árangri með aðstoð upplýsingatækni, sérfræðiþekkingu starfsfólks og lípurri þjónustu.

- ORIGO

Með því að fóstira grasrót sprotafyrirtækja og skapa vettvang fyrir tengslamyndun, fræðslu og þjálfun, getum við stuðlað að hraðari vexti frá því að hugmynd kviknar og þar til viðskipti taka að blómstra.

- ICELANDIC STARTUPS

N1 hefur það að leiðarljósi að bera virðingu fyrir öllum viðskiptavinum sínum – og er og verður alltaf til staðar um land allt sem öflugur samstarfsaðili sem veit af þeim áhrifum sem samvinna og sanngirni í störfum hefur á samfélagið, þjónusta er lykilatriði og kraftur heimamanna á hverjum stað gerir gæfumuninn.

- N1

Bókun er söluhugbúnaður fyrir ferðapjónu stufyrirtæki, sem gerir ferðapjónustunni kleift að dreifa vörum sínum alþjóðlega og innanlands.

- BÓKUN

Það skiptir miklu máli að hafa æðri og stærri tilgang með starfi sínu, þó það sé ágætis viðfangsefni á hverjum degi að láta reksturinn vaxa og dafna. Fyrir okkur í Veritas samstæðunni skiptir það miklu máli að sjá og finna á hverjum degi að við erum mikilvægur hluti af heilbrigðiskerfi Íslands og samfélaginu í heild. Okkar starf skapar aukin lífsgæði og eykur lífslíkur Íslendinga á hverjum degi. Þú finnur ekki betri ástæðu til að mæta full orku og gleði í vinnuna.

- VERITAS

kjölfar útgáfu Íslandsskýrslu alþjóðlega ráðgjafafyrirtækisins McKinsey & Company. Áhersla McKinsey á aukna framleiðni og uppbyggingu útflutningsgreina fengu góða áheyrn héraðs. Í samráðsvettvangnum sitja formenn stjórnarálflokka, helstu fulltrúar launþega og atvinnurekenda, leiðtogar frá háskólasamfélagi og sveitarfélögum ásamt stjórnendum fyrirtækja úr ýmsum atvinnugreinum. Á þriðja fundi Samráðsvettvangsins í maí 2013 kynnti verkefnisstjórn umfangsmiklar tillögur um leiðir til aukins hagvaxtar á Íslandi. Tillögurnar sneru að öllum geirum hagkerfisins: opinbera geiranum, innlendri þjónustu, auðlindageiranum og alþjóðageiranum.

Í kjölfar vinnu McKinsey og hagvaxtar-tillagna Samráðsvettvangsins fór fram umfangsmikil stefnumótun á vettvangi Viðskiptaráðs þar sem leitast var við að greina hvernig ráðið gæti unnið áfram að markmiðum sínum með sem bestum hætti. Leitað var áhlits hjá öllum félagsmönnum ráðsins og voru niðurstöður hennar teknar til frekari umfjöllunar innan stjórnar.

Niðurstaða þessarar vinnu var áætlun fyrir málefna-starf Viðskiptaráðs frá árunum 2014 til 2017. Áherslum í málefna-starfi ráðsins var þar skipt í fjóra

hluta til að endurspeglar ólíkar áskoranir og markmið fyrir mismunandi hluta hagkerfisins. Byggt var á þeirri skiptingu sem finna má í skýrslu McKinsey og vinnu Samráðsvettvangsins, en þar voru eftirfarandi hlutar hagkerfisins skilgreindir:

- 1. Alþjóðageirinn:** Þau fyrirtæki sem eru í samkeppni á erlendum mörkuðum og eru að mestu óháð staðbundnum auðlindum landsins (t.d. Marel, Össur, CCP og Meniga – ásamt fjölmörgum öðrum sprota- og vaxtarfyrirtækjum)
- 2. Opinber þjónusta:** Öll starfsemi og rekstur hins opinbera (t.d. stjórn-sýsla, stofnanaumhverfi, þjónusta á heilbrigðis- og menntasviði, fyrirtæki í opinberri eigu)
- 3. Innlend þjónusta:** Allar þær greinar sem afla tekna sinna á innlendum markaði (t.d. Smásala og heildsala – Fjármálaþjónusta – Sérfræðiþjónusta – Upplýsinga-tækni – Verktakastarfsemi – Afþreying og miðlar)
- 4. Auðlindageirinn:** Þær útflutningsgreinar sem byggja tekjur sínar á nýtingu takmarkaðra auðlinda á Íslandi (t.d. sjávarútvegur, orku-

framleiðsla, stóriðja og ferða-þjónusta)

---

## HRINGNUM LOKAÐ: ÁHERSLA Á ALÞJÓÐAVÆÐINGUNA

---

Fjórum árum eftir útkomu Íslandsskýrslu McKinsey gaf Viðskiptaráð út skýrsluna Leiðin að aukinni hagsæld haustið 2016 þar sem greiningar McKinsey voru uppfærðar, efnahagsleg framvinda síðustu ára rýnd og mat lagt á það hversu vel hafi gengið að fylgja eftir ráðleggingum ráðgjafafyrirtækisins. Þar kom fram að þó að tekist hefði að viðhalda ytra jafnvægi hagkerfisins vegna lækkunar erlendra skulda í kjölfar hagfelldra nauðasamninga við kröfuhafa föllnu bankanna, valdi þróun útflutningstekna áhyggjum. Vöxtur útflutnings hefur verið nær einungis drifinn áfram af ferðaþjónustu sem flokkað er sem auðlindagrein. McKinsey lagði áherslu á mikilvægi aukins útflutnings í þekkingariðnaði, óháður náttúruauðlindum, en nærri 80% útflutnings má nú rekja til auðlindageirans. Árið 2012 þegar skýrslan kom út var hlutfallið nærri 75% og hefur hlutur alþjóðageirans því minnkað á tímabilinu.



# LEIÐIN AÐ AUKINNI HAGSÆLD

Þróun efnahagsmála og framvinda umbóta  
frá útgáfu Íslandsskýrslu McKinsey



Viðskiptaráð mun áfram starfa með áherslur McKinsey til hliðsjónar sem og önnur grundvallarmarkmið ráðsins en tillaga að nýrri stefnu fyrir næstu fjögur árin sem lýtur að Íslandi í alþjóðlegri samkeppni hefur verið lögð fram. Viðskiptaumhverfi okkari er að breytast með aukinni tæknivæðingu og samruna markaða. Þessi breytta heimsmynd viðskipta sem og niðurstöður skýrslunnar Leiðin að aukinni hagsæld, sem sýndu að sá geiri sem mesta áherslu var lagt á í tillögum McKinsey hafi setið eftir, gefa til kynna að við Íslendingar þurfum að taka okkur taki til að vera alþjóðlega samkeppnishæf. Í ljósi þessa mun Viðskiptaráð beina sjónum sínum að alþjóðageiranum og Íslandi í alþjóðlegri samkeppni á komandi árum. Með gífurlega hröðum tækniframförum og auknu vægi alþjóðavæðingar hefur nýsköpun og uppbygging hugvitsdrifins útflutnings líklega aldrei verið mikilvægari.

Til að tryggja að hér megi ríkja stöðugleiki og hagsæld til frambúðar þarf að stilla fókusinn rétt og líta til þess hvernig bregðast megi við þeim straumhvörfum sem eiga sér nú stað í efnahagskerfi heimsins. Viðskiptaráð leggur til nálgun þar sem horft er til framtíðar í gegnum fyrrnefndar


framtíðarlinsur sem hver um sig fangar sérstæðan fókus á efnahagslífið.

---

## HÖRFT Í GEGNUM FRAMTÍÐARLINSUR VIÐSKIPTARÁÐS

---

Framtíðarlinsur Viðskiptaráðs Íslands eru fjórar talsins og er ætlað að fanga mikilvægar áherslur í málefnavarfinu næstu fjögur árin. Allar eiga þær við á tímabilinu en hver og ein linsa verður tekin ítarlega fyrir á hverju þingi fyrir sig með tilheyrandi útgáfu. Stafræna linsan verður t.a.m. í fókus þetta árið þó að hinar verði nýttar samhliða.



### STAFRÆNA LINSAN

Viðskiptaþingið þetta árið snýr að fyrstu linsunni sem setur tækniþróun í fókus. Þar er hugað að því hvernig tryggja megi samkeppnishæfni í breyttum heimi og hvernig auka megi verð-

mætasköpun með notkun stafrænnar tækni. Gervigreind, tækniþreytingar og tengingar þvert á lönd og fyrirtæki eru að breyta hefðbundnum störfum, samsetningu vinnumarkaðar og uppbyggingu fyrirtækja. Tryggja þarf að umgjörð Íslands styðji við sköpun tækifæra sem straumhvörf þessi geta haft í för með sér ef rétt er haldið á spöðunum. Fyrirtæki, hið opinbera og almenningur þurfa að vera í stakk búin til að takast á við þá stafrænu byltingu sem nú þegar er gengin í garð.



### MANNAUÐSLINSAN

Önnur linsan er mannauðslinsan. Þessi linsa setur allt það sem við kemur menntun og fólki í fókus. Til að hér megi ríkja hagsæld til lengri tíma þurfum við að byggja upp og þróa menntakerfi sem tryggir að hæfni einstaklinga sé í takt við þarfir samfélagsins. Við þurfum

að undirbúa og aðlaga samfélagið að breyttum vinnumarkaði þar sem aukin tæknivæðing, samkeppni og alþjóðavæðing ríkir. Taka þarf mið af breyttri aldurssamsetningu þjóðarinnar og harðri samkeppni um hæfileikaríkt vinnuafl. Við þurfum að skapa hér aðstæður sem tryggja að allir fái tækifæri til að láta sitt af mörkum – því þarf fjölbreytileikinn að vera í fyrirrúmi.



### UMHVERFISLINSAN

Þriðja í röðinni er umhverfislinsan sem snýr að umhverfi og sjálfbærni. Ísland er fyrirmynd á heimsvísu þegar kemur að sjálfbærri orkunýtingu og í kjöraðstæðum til að verða fremst í umhverfisvernd. Við eigum að laða hingað til lands fyrirtæki og fjárfesta sem hyggja á græna sjálfbæra orkunýtingu og framleiðslu. Verkefnið okkar er því að halda þessu forskoti

og fullnýta tækifærin sem hafa skapast. Við eigum að auka útflutning á íslenskri sérþekkingu og stuðla að rannsóknum, nýsköpun og atvinnuþróun t.d. tengdri endurnýjanlegum orkugjöfum. Við þurfum að sameinast um sterk íslensk vörumerki sem endurspeglar okkar hreinu náttúru og sjálfbærni sem er eftirsóknarvert af alþjóðasamfélaginu.



## TENGLALINSAN

Síðast en ekki síst er það tengslalinsan. Þetta er linsan sem setur okkar alþjóðlegu tengsl og samskipti í fókus. Hvernig má auka þátttöku í erlendu samstarfi til að laða að þekkingu og fjármagn? Hvernig má efla útrás fyrirtækja í landinu? Hvernig má bæta tengsl við

erlenda markaði og hvaða hlutverk þjóna þeim tilgangi best? Hvernig getum við stuðlað að sanngjarnri löggjöf og hagfelldu skattaumhverfi til að laða hingað til lands alþjóðleg hugvitsdrifin þekkingarfyrirtæki?

Ofangreindar linsur eru ekki tæmandi, heldur byrjunin á hnitmiðuðu samtali sem Viðskiptaráð vill eiga á næstu misserum við fyrirtækin og fólkid í landinu sem og stjórnvöld.

---

## GRUNNGILDIN DRÍFA ÁFRAM ALMENNA ÚTGÁFU

---

Samhliða áherslum síðustu tveggja ára og nýkynntri stefnu Viðskiptaráðs er áfram fjallað um almenn viðfangsefni sem byggjast á grunngildum Viðskiptaráðs eins og þau birtast í lögum Ví. Viðskiptaráð er málsvari atvinnulífsins og berst fyrir bættu rekstrarumhverfi fyrirtækja. Þar má nefna mikilvægi verðmætasköpunar innan einkageirans, framtíðarsýn í

peningamálum, jafnvægi í rekstri hins opinbera, skynsamlega skatta- og fjármálastefnu, skýrar leikreglur, virka samkeppni og einfalt og skilvirkt regluverk. Þá hefur Viðskiptaráð verið öflugur bakhjarl menntunar, með stuðningi sínum við Háskólann í Reykjavík og Verslunarskólann og með styrkveitingum úr Menntasjóði ráðsins. Ráðið stendur fyrir fjölmörgum viðburðum yfir árið enda vettvangur tengsla og fræðslu fyrir atvinnulífið.

Viðskiptaráð stendur að umfangsmikilli útgáfu í formi kynninga, skýrslna, skoðana, samantekta og tilkynninga ásamt viðburðahaldi og greinaskrifum. Það yfirlit um áherslur ráðsins sem hér er tekið saman stiklar því einungis á stóru og er ekki tæmandi. Nálágast má yfirlit yfir allt málefnavarfar ráðsins á slóðinni [www.vi.is/malefnastarf](http://www.vi.is/malefnastarf).

PENINGAMÁL

HAGKVÆM NÝTING OPINBERS FJÁRMAGNS

EINKAFRAMTAK

SAMKEPPNISHÆFNI

SKATTAR



2016

2017

2018

2019

NÝR  
FORMAÐUR

NÝR  
FRKV.STJ.

LEIÐIN AÐ  
AUKINNI  
HAGSÆLD

AUKIN  
ÁHERSLA Á  
ALPJÓÐAGEIRA



INNLENDI  
ÞJÓNUSTUGEIRINN



AUÐLINDAGEIRINN



STAFRÆN  
TÆKNIDRÖUN



MANNAUÐUR

# INNLEND ÞJÓNUSTA

2015-2016

Innlendur rekstur og þjónusta fyrirtækja var meginviðfangsefni í málefnavarfi Viðskiptaráðs veturinn 2015-2016 í samræmi við stefnumörkun ráðsins árið 2013. Undir innlenda þjónustugeirann heyrir allur staðbundinn rekstur sem þjónustar innlenda markað. Í þennan flokk fellur fjölbreyttur hópur stórra atvinnugreina: smásala, heildsala, byggingarstarfsemi, fjármálaþjónusta, fjarskiptaþjónusta, fasteignasýsla og fjölmiðlun. Þá tilheyrir ýmsar atvinnugreinar að stórum hluta flokknum, s.s. sérfræðiráðgjöf af ýmsu tagi, veitingaþjónusta, innlend afþreying, flutningastarfsemi og starfsemi tengd upplýsingatækni. Þetta er stærsti hluti hagkerfisins þegar horft er til hlutdeildar í vinnuafli og landsframleiðslu. Frammistaða þessara atvinnugreina stýrir því miklu um samkeppnisstöðu Íslands.

---

## BREYTT UMHVERFI INNLENDRA ÞJÓNUSTUGEIRANS Í BRENNIDEPLI Á VIÐSKIPTAÞINGI

---

Viðskiptaþing 2016 var haldið undir

yfirskriftinni „Héraðsmót eða heimisleikar? Innlendur rekstur í alþjóðlegu samhengi.“ Aðalræðumenn þingsins voru Ajay Royan, áhættufjárfestir og framkvæmdastjóri nýsköpunarsjóðsins Mithril Capital Management í Silicon Valley, og Amy Cosper, ritstjóri alþjóðlega tímaritsins Entrepreneur Magazine. Þau fjölluðu um áhrif tæknibreytinga og breyttra viðskiptahátta á rekstrarumhverfi fyrirtækja og þær hugarfarsbreytingar sem stjórnendur þurfa að tileinka sér til að mæta þeim áskorunum sem breytingunum fylgja.

Í ræðu sinni lagði Hreggviður Jónsson, þáverandi formaður Viðskiptaráðs, áherslu á að stærstu tækifæri innlenda þjónustugeirans lægju í aukinni framleiðni. Sagði hann aukna framleiðni til lengri tíma eina sjálfbæra drifkraft hagvaxtar. Þá gagnrýndi hann umfang stofnanakerfisins hér á landi og sagði það ótrúlegt að 300 þúsund manna samfélag skuli halda úti 182 ríkisstofnunum og nokkur hundruð rekstareiningum til viðbótar á sveitastjórnarstigunum. Hann hvatti svo til endurskoðunar á ýmsum viðskipta-



hindrunum sem stæðu í vegi fyrir aukinni framleiðni hér á landi og tók sem dæmi hömlur gegn alþjóðlegri samkeppni og samkeppnisraskanir vegna aðkomu hins opinbera. Loks fór Hreggviður yfir þá sigra sem unnist höfðu frá útgáfu McKinsey skýrslunnar fjórum árum áður og sagði jafnframt að framtíðarhorfur þjóðarbúsins hafi sjaldan verið betri.

## HVERNIG MÁ AUKA FRAMLEIÐNI Í INNLENDRA ÞJÓNUSTUGEIRANUM?

Samhliða þinginu gaf Viðskiptaráð út nýtt rit sem ber heitið „Leiðin á heimisleikana“. Þar var fjallað um leiðir til að auka framleiðni innleindra þjónustugreina, en þar er helsta áskorunin að auka framleiðni og drífa þannig áfram hagvöxt með því að gera tilfærslu vinnuafis í útflutningsgreinar mögulega.

Í ritinu var fjallað um helstu áskoranir og lausnir á þeim sviðum sem mestu máli skipta svo framleiðni innleindra þjónustugreina geti aukist, en sviðin eru eftirfarandi:

1. Efnahagslegur stöðugleiki: Það efnahagslega umhverfi sem fyrirtæki í innlandri þjónustu starfa og gera áætlanir innan.
2. Viðskiptahindranir: Hvers kyns hindranir á alþjóðlegri eða innlandri samkeppni í þjónustugreinum héraðs.
3. Leikreglur: Þær lög og reglur sem settar eru aðilum á innendum markaði.

4. Stofnanaumhverfi: Þær þjónustu- og eftirlitsstofnanir sem ætlað er að auka skilvirkni á innlendum mörkuðum.

5. Verklag og viðhorf: Vinnubrögð og starfshættir í stjórnsýslu í samhengi við innlandan rekstur.

Bent var á að á öllum fimm sviðum væru umfangsmikil tækifæri til umbóta og voru þau útlustuð í ritinu. Í aðdraganda þingsins og í framhaldinu réðst Viðskiptaráð í úttektir á viðfangsefnum sem tengjast innlandri þjónustu. Með því vildi ráðið varpa nánara ljósi og skapa umræðu um atriði sem standa aukinni framleiðni geirans fyrir þrifum.

Í riti Viðskiptaþings 2016 kom eftirfarandi meðal annars fram:

- Innlandi þjónustugeirinn spannar um tvo þriðju íslenska hagkerfisins og framleiðni í flestum greinum hans er lakari en í grannríkjunum.
- Smæð hagkerfisins, óstöðugleiki í efnahagsmálum, viðskiptahindranir, íþyngjandi leikreglur og óskilvirkt stofnanaumhverfi eru þær megináskoranir sem standa í vegi fyrir aukinni framleiðni innleन्द्रar þjónustu.

- Sveiflur í gengi gjaldmiðilsins, einkaneyslu og verðlagi eru mun meiri hér á landi en í öðrum iðnríkjum, óháð tímabili.

- Stjórnvöld starfrækja enn atvinnurekstur á umsvifamiklum mörkuðum og skekkja þannig samkeppnistöðu fyrirtækja og draga úr ábata neytenda af heilbrigðri samkeppni. Breytingar á regluverki verða sífellt tíðari en alls voru 474 breytingar gerðar árið 2015 samanborið við 21 árið 1990. Reglugerðir í gildi voru tæplega 1400 árið 2015.

- Ísland er í sérflokki þegar kemur að lögverndun iðngreina en leyfi stjórnvalda þarf til að sinna 173 tegundum starfa á Íslandi.

- Fjölmörg tækifæri eru til meiri skilvirkni hjá stjórnvöldum en samkvæmt tillögum Viðskiptaráðs væri hægt að fækka ríkisstofnunum úr 182 í 70.



# HIÐ OPINBERA

Tími til breytinga

VÍSÁPTIÐ ÍSLANDS


PENINGAMÁL

HAGKVÆM NÝTING OPINBERS FJÁRMAGNS

EINKAFRAMTAK

SAMKEPPNISHÆFNI

SKATTAR





---

## AUÐLINDAGEIRINN

---

Síðasta viðfangsefnið sem tók á stefnumótun ráðsins fyrir tímabilið 2014-2017 var auðlindageirinn. Með auðlindageiranum var fjögurra ára vegferð Viðskiptaráðs yfir fjóra geira íslensks hagkerfis lokið.

Viðskiptaþing 2017 var haldið undir yfirskriftinni „Börn náttúrunnar: Framtíð auðlindagreina á Íslandi“. Aukin framleiðni auðlindagreina, áskoranir og tækifæri vegna aukins fjölda ferðamanna og áframhaldandi sjálfbær nýting auðlindanna voru í forgrunni þingsins. Aðalræðumaður þingsins var Wal van Lierop, forstjóri framtakssjóðsins Chrysalix. Í erindi sínu lagði Lierop áherslu á að Ísland ætti að nýta styrkleika sína og nefndi í því samhengi hátt hlutfall endurnýjanlegrar orku og aðgengi að ódýru rafmagni. Þá hvatti hann landsmenn til þess að horfa á smæðina sem styrkleika og nýta þau tækifæri sem hún hefur í för með sér.

Í ræðu sinni á þinginu talaði Katrín Olga Jóhannesdóttir, formaður Viðskiptaráðs, um velgengni íslensku auðlindagreina í gegnum árin. Sagði



SS hefur alltaf snúist um gæði.  
Félagið var stofnað árið 1907 til að  
koma gæðamálum í lag og gæði eru  
þungamiðja í rekstri félagsins.

-SS

Hjarta hvers fyrirtækis er mannauðurinn.  
HR Monitor mannauðskerfið mælir  
heilbrigði vinnustaðarins í rauntíma  
mánaðarlega rétt eins og aðrar  
mikilvægustu lykiltölur.

-CEO HUXUN/HR MONITOR

Með íslensku hugviti hjálpar  
eTactica fyrirtækjum að  
lækka orkukostnað og  
vernda umhverfið.

- ETACTICA

Í góðu samstarfi við okkar kúnna erum við að  
breyta matvælaframleiðslu á heimsvísu.  
Framtíðarsýnin okkar er veröld þar sem matur er  
framleiddur á sjálfbæran og hagkvæman hátt.

- MAREL

FKA hefur það að meginmarkmiði að stuðla að  
jafnvægi og fjölbreytni í íslensku atvinnulífi í  
gegnum hin fjölmörgu hreyfiaflsverkefni.

- FKA

Á Íslandi er einn sérhæfður fjárfestingabanki.

- KVIKA

Við erum stolt af því að í yfir 30 ár höfum  
við getað unnið að markmiði okkar sem er  
að bæta lífsgæði og heilsu landsmanna.


- WORLD CLASS - LAUGAR SPA

Snjöll notkun á upplýsingatækni í áráraðir hefur veitt  
íslenskum fyrirtækjum forskot og aukið virði þeirra.

- ADVANIA

Við framleiðum hágæða ál með hámarksarðsemi í samræmi  
við óskir viðskiptavina okkar og þannig að heilbrigðis-,  
öryggis- og umhverfismál séu höfð í fyrirrúmi. Fyrirtækið  
einsetur sér að vera í fremstu röð í allri starfsemi sinni, að  
hafa stöðugar umbætur að leiðarljósi og að starfa ávallt í  
sátt við umhverfi og samfélag.

- RIO TINTO Á ÍSLANDI



hún ótækt að þrátt fyrir þessa miklu velgengi undanfarinna ára og áratuga ríki enn jafnmikið ósætti um afnot og rentu auðlindanna og raun ber vitni. Hið stöðuga þras sem oft umlyki umræðu um auðlindagreinarnar drægi athyglina frá mikilvægari málefnum og því þyrfti að skapa breiðari sátt í samfélaginu um greinarnar. Endaði Katrín

erindi sitt á því að áréttu mikilvægi Samráðsvettvangs um aukna hagsæld í ákvarðanatöku undanfarinna ára.

## AUÐLINDADRIFINN HAGVÖXTUR

Frá því að skýrsla McKinsey kom út árið 2012 hefur auðlindageirinn vaxið mikið. Raunar er auðlindageirinn ábyrgur fyrir nær öllum vexti útflutningstekna á tímabilinu eða um 80%. Þróun innan geirans hefur þó verið mjög ólík en langstærstan hluta vaxtarins má rekja til gífurlegs vaxtar innan ferðaþjónustunnar sem stendur undir u.þ.b. 40% af heildarútflutningi þjóðarinnar. Á sama tíma hefur umfang orkufreks iðnaðar og sjávarútvegs minnkað svo um munar.

Á sama tíma og auðlindageirinn hefur vaxið hratt hefur innleiðing á tillögum Samráðsvettvangsins sem snúa að geiranum staðið í stað en Katrín Olga formaður Viðskiptaráðs gerði málið að umfjöllunarefni sínu í grein sinni „Pólítískar jarðsprengjur auðlindanna“ sem birt var í aðdraganda Viðskiptaþings 2017. Í grein Katrínar Olgu kom fram að einungis 7% tillagna sem lagðar voru fram til úrbóta á auðlindageiranum hafi verið innleiddar samanborið við 39% meðaltal úr öðrum geirum. Sagði hún þessa staðreynd dæmi um það þegar pólitískur ágreiningur dregur úr nauðsynlegri framþróun.


PENINGAMÁL

HAGKVÆM NÝTING OPINBERS FJÁRMAGNS

EINKAFRAMTAK

SAMKEPPNISHÆFNI

SKATTAR



2016

2017

2018

2019

NÝR  
FORMADUR

NÝR  
FRKV.STJ.

LEIÐIN AÐ  
AUKINNI  
HAGSÆLD


AUKIN  
ÁHERSLA Á  
ALÞJÓBAGEIRA



INNLENDI  
ÞJÓNUSTUGEIRINN



AUÐLINDAGEIRINN



STAFRÆN  
TÆKNIÞRÓUN



MANNAUÐUR

# FRAMTÍÐARLINSUR VIÐSKIPTARÁÐS KYNNTAR TIL LEIKS

## STAFRÆN TÆKNIÞRÓUN (2017-2018)

Á 100 ára afmæli Viðskiptaráðs Íslands var ekki aðeins talið nauðsynlegt að líta aftur um farinn veg, líkt og gert var með útgáfu hátíðarrits um sögu Viðskiptaráðs og viðskipta, heldur einnig framtíðar. Í því skyni að huga að næstu 100 árum í sögu viðskipta hér á landi var Dominic Barton, forstjóri McKinsey & Company fenginn til landsins til að ræða um þau straumhvörf sem eru að eiga sér stað í heimshagkerfinu um þessar mundir. Bauð Viðskiptaráð Íslands ásamt Háskólanum í Reykjavík og Háskóla Íslands á opinn fyrirlestur í Stóra sal Háskólabíós. Með húsfylli og streymi á Vísir.is nutu nokkur þúsund manns þess að fylgjast með þessum áhugaverða fyrirlesara. Meðal þess sem fram kom í erindi Barton var hvernig miðpunktur efnahagskerfis heimsbyggðarinnar er að færast frá vestur til austurs til landa eins og Kína, Indlands og Afríku, hvernig mannfólkið er að eldast og störf og fyrirtæki breytast með aukinni

tæknivæðingu. Má segja að fyrirlesturinn hafi markað upphafið á umfjöllun Viðskiptaráðs um áhrif nýrrar heimsmyndar á viðskiptalífið hér á landi.


---

### STRAUMHVÖRF: SAMKEPPNISHÆFNI Í STAFRÆNUM HEIMI

---

Á Viðskiptapinginu í ár er fjallað um

samkeppni í breyttum heimi þar sem tækni, gervigreind og stafrænir innviðir eru að umbylta þekktum viðskipta- módelum, uppbyggingu fyrirtækja sem og vinnumarkaðnum í heild sinni. Þótti við hæfi að fá hingað til lands einn eftirsóttasta ráðgjafa í heiminum á sviði stafrænna tæknibreytinga; metsölurithöfundinn og leiðtoga MIT stofnunarinnar “Initiative on the Digital Economy” Andrew McAfee. McAfee mun fjalla um það hvernig tæknin er að endurskrifa leikreglur viðskiptalífsins





og hvernig fyrirtækjaráðgjöf dagsins í dag verður senn úrelt. Um morguninn mun hann eiga samtál við leiðtoga í íslensku viðskiptalífi um þeirra áskoranir og möguleg næstu skref. Að auki tekur forstjórinn og einn fremsti sprotafyrirtækjaráðgjafi Danmerkur Tommy Ahlers þátt í þinginu fyrir hönd „tæknirofsráðsins“ (d. Disruptionrádet) í Danmörku en forsætisráðherra Danmerkur, Lars Løkke, kom því á fót í byrjun árs 2017 til að undirbúa Danmörku undir miklar breytingar á næstu árum er tengjast tækniþyngingunni.

---

### **NETVERSLUN OG ÖR TÆKNIÞRÓUN ÆTTU AÐ Hafa ÁHRIF Á SKILGREINGU MARKAÐA**

---

Í aðdraganda Viðskiptaþings skoðaði Viðskiptaráð samkeppnismálin í nýjum veruleika alþjóðlegrar verslunar og fjallaði í útgáfu sinni haustið 2016 um „Samkeppni í breyttri heimsmynd“. Stóraukin verslun Íslendinga á vörum og þjónustu yfir netið bera þess merki


að samkeppnisyrivöld hér á landi þurfi að aðlaga nálgun sína að breyttu umhverfi og tækni.

Þegar íslensk samkeppnisyrivöld skilgreina markaði hafa þau hingað til ekki litið til þeirrar verslunar sem fer fram yfir netið, hvort sem um innlendar eða erlendar netverslanir er að ræða. Netverslun vex fimm til sex sinnum hraðar en smásöluverslun og áætlað er að hlutfall netverslunar muni nema 15 til 20% af allri verslun eftir um þrjú ár. Það verður að teljast óeðlilegt að horfa fram hjá svo stórum hluta markaðarins þegar samkeppni er metin. Þar sem tæknin gerir viðskipti við erlenda aðila með vöru og þjónustu möguleg er einsýnt að á fjölmörgum mörkuðum nær samkeppni út fyrir landsteinana. Þá er netnotkun og aðgengi Íslendinga að interneti með því mesta sem þekktist í heiminum. Um mitt ár 2016 höfðu tæplega 80% Íslendinga verslað á netinu síðustu 12 mánuði á undan og er það töluvert yfir meðaltali Evrópuþjóða.

Til að bregðast við þessari þróun lagði Viðskiptaráð til að samkeppnisyrivöld viðurkenndu netverslun, bæði innlenda og erlenda, sem hluta af sama markaði og almenn verslun þar sem það á við. Það sama gildir um markaði þar

### HLUTFALL ÍBÚA SEM HÖFÐU VERSLAÐ Á NETINU Á SÍÐUSTU 12 MÁNUÐUM


MA. KR. (VERÐLAG 2013)



HEIMILD: GALLUP

### HLUTFALL MILLI INNLENDRAR OG ERENDRAR NETVERSLUNAR

2016



HEIMILD: GALLUP

sem mögulegt er að kaupa eða selja þjónustu yfir landamæri á netinu.


Skilgreining markaða hefur verið íslenskum fyrirtækjum hugleikin undanfarin misseri. Koma alþjóðlegra fyrirtækja á borð við Costco og H&M til landsins og stóraukin verslun Íslendinga á vörum og þjónustu yfir netið bera þess merki að samkeppnis-yfirvöld hér á landi þurfi að aðlaga nálgun sína að breyttu umhverfi og tækni. Íslensk fyrirtæki, sem eru agnar-smá í alþjóðlegum samanburði, eru í beinni samkeppni við fyrirtæki sem eru margfalt stærri og í sumum tilfellum er ríkið jafnvel þátttakandi á samkeppnis-mörkuðum.

### LÍTA PARF TIL EFNAHAGSLEGS STYRKS ALÞJÓÐLEGRA FYRIRTÆKJA HÉR Á LANDI

Þá hvatti Viðskiptaráð samkeppnis-yfirvöld til að líta í auknum mæli til styrks alþjóðlegra fyrirtækja sem starfa hér á landi í við mat á markaðsráðandi stöðu. Nú þegar það hefur færst í aukana að alþjóðleg fyrirtæki starfi hér á landi, ýmist með því að setja formlega upp starfsemi hér á landi eða selja vöru eða þjónustu á Inter-

netinu, vakna ýmis álitamál í tengslum við mat á efnahagslegum styrk fyrirtækja. Samkeppnislög kveða á um að markaðsráðandi fyrirtækjum sé óheimilt að misnota stöðu sína. Markaðsráðandi fyrirtæki hafa því til dæmis þrengra svigrúm en keppnautar þeirra, til verðlagningar, til að veita afslætti og til að hafna viðskiptum. Við mat á styrk á markaði hafa samkeppnisyfirvöld og dómstólar litið svo á að meta eigi efnahagslega styrkleika fyrirtækja eins og hann birtist á hinum íslenska markaði. Stór og alþjóðleg fyrirtæki sem starfa á mörgum og breiðum mörkuðum njóta þó mun meiri stærðarhagkvæmni en íslensk fyrirtæki. Jafnframt er ákveðin áhættudreifing fólgin í því að reka verslanir í mörgum löndum og því geta slík fyrirtæki leyft sér að prófa sig áfram með verðlagningu og varning hér á landi og jafnvel undirverðlagt vörur. Þrátt fyrir þessa stöðu þá getur fyrirtækjum sem starfa á alþjóðamarkaði verið heimilt að aðhafast það sem markaðsráðandi fyrirtækjum, sem einungis starfa á innlendum markaði, er ekki heimilt.

Aukið samkeppnislegt aðhald frá stórum alþjóðlegum fyrirtækjum er afar jákvæð þróun og neytendum til mikilla hagsbóta. Hún hefur jákvæð áhrif á



verð, vöruúrval, gæði og þjónustu. Íslensk og erlend fyrirtæki ættu þó að keppa á jafnræðisgrundvelli. Því markmiði verður einungis náð ef samkeppnisyfirvöld líta til raunverulegs efnahagslegs styrks alþjóðlegra fyrirtækja sem starfa hér á landi í við mat á markaðsráðandi stöðu.

## FORSKOT TEKID Á MANNAUÐSLINSUNA

Ari Kristinn Jónsson, rektor Háskólans í Reykjavík, og Stefanía G. Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri CCP á Íslandi, héldu erindi á fundi Viðskiptaráðs um samkeppnishæfni Íslands í samstarfi við svissneska viðskiptaháskólann IMD (sjá

bls 66). Þema fundarins var menntun og samkeppnishæfni mannauðs. Bæði vöktu þau athygli á mikilvægi þess að aðlaga menntakerfið að nýjum veruleika, þar sem tæknin mun leika stórt hlutverk á komandi árum og áratugum. Formaður Viðskiptaráðs, Katrín Olga Jóhannesdóttir, skrifaði grein í aðdraganda fundarins þar sem hún benti á mikilvægi þess að Íslendingar væru á tánum í síbreytilegum heimi ef viðhalda ætti hér hagvexti:

„Alþjóðavæðing hefur aukið samkeppni á milli landa og flutt vinnuafslafrek störf til lágkostnaðarlanda. Störf sem sitja eftir í þróuðum löndum reyna nú í auknum mæli á sértæka færni sem erfitt er að vélvæða að fullu, bæði á sviði tækni og mannlegra samskipta.




PENINGAMÁL

HAGKVÆM NÝTING OPINBERS FJÁRMAGNS

EINKAFRAMTAK


SAMKEPPNISHÆFNI

SKATTAR




Samkeppni hefur aukist á alþjóðavísu um einstaklinga með rétta færni til að sinna slíkum störfum enda eru þau oftast en ekki háframléðnistörf. Fyrirtæki koma sér að jafnaði fyrir þar sem mannauðinn er að finna og því snýr umræðan um menntun og þjálfun beint að samkeppnishæfni landa. Ef við hugum ekki að einstaklingum með færni í störf framtíðarinnar mun slíkt hamlar hagvexti hér á landi. Umtalsverð tækifæri liggja því í einni af grunnstöðum samfélagsins; menntakerfinu.“

Þá hélt Krístrún Frostadóttir, hagfræðingur Viðskiptaráðs, erindi á ársfundi Samtaka Félaga í Sjávarútvegi um uppbyggingu þekkingarsamfélags. Lagði hún áherslu á mikilvægi þess að skapaðar yrðu hér forsendur fyrir kraftmikilli atvinnuuppbyggingu á tímum þar sem vanabundnum störfum (e. routine) fækkar og alþjóðleg samkeppni eykst. Sjálfbær þekkingarsamfélög verða til þegar rétt jafnvægi skapast á milli öflugs mannauðs, fyrirtækja sem skapa háframléðnistörf og góðs umhverfis. Oft á tíðum væri aðeins litið á einstaka þætti þegar stefna væri sett innan þessara þriggja flokka án þess að afleidd áhrif af aðgerðum væru skoðuð.



## UPPBYGGING MANNAUÐS


LÆÐA AÐ



BYGGJA UPP



FÖRUM „ÆÐRI LEIÐINA“



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

# HÖFTUM AFLÉTT – STÓRA STEFNUMÁLIÐ

Viðskiptaráð hefur allt frá setningu fjármagnshafta á Íslandi haustið 2008 lagt áherslu á að skapaðar væru aðstæður í efnahagslífinu sem flýttu fyrir afnámi haftanna. Áætlun stjórnvalda um losun fjármagnshafta var kynnt til sögunnar sumarið 2015 þar sem stöðugleikaskilyrði, eða skattur á slitabú fallinna innlánsstofnana, var talin grundvallarforsenda afnámsins. Í mars 2017 var lokaskrefið stigið þegar gjaldeyrishöft á einstaklinga, fyrirtæki og lífeyrissjóði voru að fullu afnumin. Samkomulag náðist um stöðugleikaframlög þrotabúanna og vandi tengdur hinni svokölluðu snjóhengju aflandskróna var leystur með samkomulagi Seðlabanka Íslands við aflandskrónueigendur.

Viðskiptaráð gaf út fjölda úttekta á tímabili hafta þar sem ráðið lagði mat á umfang þeirra afskrifta sem þyrftu að eiga sér stað til að nauðasamningar hefðu ekki neikvæð áhrif á gjaldeyrissjöfnuð. Í kjölfarið átti starfsfólk ráðsins fundi með kröfuhöfum og slitastjórnnum föllnu bankanna og




útskýrði þessi sjónarmið. Þá gerði Viðskiptaráð úttekt á kostnaði samfélagsins af fjármagnshöftunum þar sem áhersla var lögð á neikvæð áhrif á alþjóðageirann. Viðskiptaráð skoðaði sögulega þróun útflutningsgeirans og gaf hún vísbendingu um þann skaða sem höftin hafa valdið. Nýjasta mat ráðsins, sem birtist í skýrslunni Icelandic Economy sumarið 2017, bendir til að útflutningur alþjóðageirans hafi aukist um tæp 6% þegar flæði fjármagns var frjálst 15 ár fyrir setningu hafta. Aftur á móti hafi vöxturinn verið nærri 2% eftir

tilkomu haftanna og mátti lengi vel merkja stöðnun í útflutningi.

Þá benti Viðskiptaráð á þau slæmu áhrif sem útflæðishöftin hafa haft á gengi krónunnar á síðustu árum þar sem mikið fjármagnsinnflæði samhlíða auknum umsvifum í ferðaþjónustu var ekki mætt með auknu útflæði lífeyrissjóða t.a.m. Mikil gengisstyrking fylgdi í kjölfarið sem hefur vegið verulega á samkeppnishæfni útflutningsgreina í landinu. Viðskiptaráð hefur hvatt til aukinna erlendra fjárfestinga lífeyrissjóðanna til að endurspeglar betur neyslu landsmanna yfir lengri tíma. Þá er umfang sjóðanna hér á landi, sér í lagi á hlutabréfamarkaði, orðið mjög mikið og áhættudreifing því minni en ella. Styðja þarf betur við útflutningsgreinar og þar með gjaldeyrissköpun landsins, sem eru forsenda þess að jafnvægi sé til staðar í þjóðarbúskapnum. Afletting hafta er mikilvægur liður bæði þegar kemur að aukinni eignadreifingu lífeyrissjóðanna sem og uppbyggingu nýrra útflutningsfyrirtækja í þekkingariðnaði.


**CREDITOR EXPECTATIONS EXCEED THE ESTIMATED SCOPE FOR AUTHORITIES TO GRANT EXEMPTIONS FROM CAPITAL CONTROLS**

CREDITOR RECOVERY OF ALL ASSETS OF THE ESTMIATES (ISK BN.)



**EXPORTS ORIGINATING FROM THE INTERNATIONAL SECTOR**

YEAR ON YEAR GROWTH (PERCENT)<sup>1</sup>



<sup>1</sup> Because of imperfect data, silicon is included in the international sector for the period 1990-1993  
Sources: Statistics Iceland; Iceland Chamber of Commerce

20.02.2017 | Skoðanir

## Hvernig má bregðast við styrkingu krónunnar?

Styrking krónunnar hefur breytt aðstæðum í íslensku efnahagslífi. Kaupmáttur hefur aukist staða útflutningsfyrirtækja veikst.

Hætta á ofrisi og falli krónunnar hefur nú myndast. Veikari samkeppnisstaða útflutningsfyrirtækja skapar jafnframt hættu á stöðnun útflutningstekna og uppsöfnun erlendra skulda líkt og fyrir hrún.



Stjórnvöld ættu að bregðast við með þrenns konar aðgerðum: koma í veg fyrir ofris gjaldmiðilsins, tryggja sjálfbærni launahækkana og treysta samkeppnisstöðu útflutningsfyrirtækja.

# ALMENN ÚTGÁFA

## EINKAFRAMTAK

Eitt af meginverkefnum Viðskiptaráðs hefur í fjölda ára verið að vinna gegn útpenslu hins opinbera og stuðla þannig að auknu vægi einkaframtaks. Í júní 2016 gaf Viðskiptaráð út skoðunina Ísland OHF þar sem umfang opinbers atvinnurekstrar var kortlagt. Þar kom meðal annars fram að um 3000 manns starfa fyrir stjórnvöld í hefðbundnum samkeppnisrekstri við aðra einkaaðila án þess að markaðsbrestir réttlæti aðkomu hins opinbera. Alls stunda stjórnvöld rekstur í 23 atvinnugreinum hérlandis.


Í kjölfarið gaf ráðið svo út þrjár skoðanir sem allar tóku á einhverskonar atvinnurekstri hins opinbera þar sem markaðsbrestir réttlæta ekki aðkomu þess.

Fjallað var um Malbikunarstöðina Höfða sem er að fullu í eigu Reykjavíkurborgar. Reykjavíkurborg er jafnframt einn stærsti viðskiptavinur fyrirtækisins og skekkir fyrirkomulagið því samkeppnisstöðu annarra fyrirtækja



á markaðnum verulega. Eignarhald Reykjavíkurborgar á Höfða hefur verið rökstutt með þeim hætti að fákeppni ríki á markaðnum. Fjöl margir fákeppnismarkaðir eru til staðar á Íslandi án þess þó að inngrip stjórnvalda séu nauðsynleg. Viðskiptaráð lagði því til að Reykjavíkurborg hætti að framleiða og leggja malbik fyrir innlendan markað. Í kjölfar úttektarinnar lögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokks í umhverfis- og skipulagsráði Reykjavíkur til að malbikunarstöðin yrði seld.

Fasteignasafn ríkisins er svipað á stærð og fasteignasöfn þriggja stærstu fasteignafélaga landsins til samans. Leiguverð ríkisins á húsnæði sínu er talsvert undir markaðsvirði og sem dregur úr hvata ríkisstofnanna til hagkvæmrar nýtingar húsnæðis. Fé skattgreiðenda er bundið í fasteignum auk þess sem ríkissjóður stendur í áhættusömum rekstri í stað þess að nýta féð í grunnþjónustu. Þetta er meðal þess sem kemur fram í skoðun Viðskiptaráðs „Ríkissjóður: stærsta fasteignafélag landsins“. Ráðið bendir á að mikil tæki-



færi séu til þess að minnka umsvif ríkisins á fasteignamarkaði en einungis 100 þúsund fermetrar af 880 þúsund fermetrum ættu alfarið að vera áfram í eigu ríkisins. Í kjölfar skoðunarinnar var lögð fram tillaga til þingsályktunar um sölu ríkiseigna og lækkun skulda ríkissjóðs.

Ráðið gerði einnig útgáfu námsefnis fyrir grunnskólastigið að umfjöllunarefni sínu og gagngrýndi þar einokun ríkisins á útgáfunni. Ríkið, í gegnum Menntamálastofnun, er í dag langstærsti útgefandi námsefnis fyrir grunn-

skóla og þjónar það fyrirkomulag ekki nemendum best enda hefur verið sýnt fram á það að gæði og tíðni útgáfu þyki ábótavant. Þá hafa einkaaðilar margsinnis lýst til tilbúna til þess að framleiða efni fyrir skólastigið. Viðskiptaráð telur því augljóst að um óþarfa inngrip stjórnvalda sé að ræða og hvetur til breytinga á fyrirkomulaginu.


Viðskiptaráð hélt áfram að birta svokallaðan stuðningsstuðul atvinnulífsins en hann var birtur í sjöunda skiptið voríð 2017. Stuðningsstuðullinn er skilgreindur sem hlutfallið milli starfsfólks

í einkageira og öðrum íbúum landsins. Árið 2016 var stuðullinn 1,17 sem er 6% lækkun á milli ára. Stærsti áhrifa-valdurinn á breytinguna milli ára er fjölgun starfa í einkageiranum en um 6.400 ný störf sköpuðust í einkageiranum á árinu 2016. Lágur stuðningsstuðull endurspeglar sterka stöðu íslenska hagkerfisins en hann hefur ekki verið lægri frá aldarmótum.

## FJÁRMÁL HINS OPINBERA

Góð nýting opinberra fjármuna er stórt hagsmunamál fyrir þjóðfélagið í heild sinni og hefur Viðskiptaráð verið duglegt að benda á það sem betur mætti fara í fjármálastjórn hins opinbera.

Í mars 2017 gerði ráðið sex milljarða króna afskriftir ríkisstofnanna að umfjöllunarefni sínu. Ástæða afskriftanna var sú að talið var að vandi þessara stofnana væri orðinn það mikill að ekki var raunhæft að viðkomandi stofnun gæti unnið á hallanum. Í áliti Viðskiptaráðs kemur fram að ráðið gagnrýni afskriftirnar ekki sem slíkar enda úrræða þörf úr því sem komið var. Hins vegar sé það viðvarandi vandamál að ríkisreikningur



fari nær undantekningarlaust fram úr fjárlögum hvers árs. Til þess að hægt sé að taka á þeim vanda sé mikilvægt að stofnanir séu ekki verðlaunaðar fyrir frammúrkeyrslu með afskriftum á hverju ári..

Á tímabilinu voru einnig sett fram ný fjárlög, fjármálastefna og fjármála-áætlun ríkisins. Viðskiptaráð skilaði inn álit á öllum þrem málaflokkum. Ráðið fagnaði nýjum áherslum í ríkisfjár-

málum um langtíma áætlanir og sagði þær ýta undir stöðugleika í þjóðarbúinu. Að því sögðu hvatti ráðið til þess að afgangur ríkissjóðs á tímabilinu yrði aukinn enda væri afgangur upp á 1% af landsframléiðslu þensluhvetjandi. Afgangurinn væri þar að auki byggður á brothættri sviðsmynd þar sem lítið megí útaf bregða til þess að forsendur breytist og breyti áætluðum afgangi í halla. Þá benti ráðið á að á árunum eftir hrun hafi ríkisreikningur að meðaltali

farið 5,9% fram úr samþykktum fjárlögum. Áætlaður afgangur ríkissjóðs þyrfti að taka mið af þessari árlegu frammúrkeyrslu.


## ÖNNUR VIÐFANGSEFNI SÍÐUSTU ÁRA

Þá hefur Viðskiptaráð staðið fyrir útgáfu á ýmsu öðru efni sem á það sam-eiginlegt að vinna með einum eða öðrum hætti í þágu bættra lífskjara á Íslandi.

Miklar nafnhækkningar fasteignaverðs á undanförunum árum hafa gert það að verkum að fasteignagjöld hafa hækkað talsvert síðustu misseri. Til þess að vekja athygli á þessu og auka gagnsæi í innheimtu fasteignagjalda stóð Viðskiptaráð fyrir endurútgáfu á vefsíðunni „Best að búa“ sem fyrst var gefin út árið 2015. Á síðunni gátu landsmenn sett inn sínar forsendur og fengið út hvar á landinu væri hagstæðast að búa miðað við þeirra búsetuform. Síðan vakti mikla athygli og var fjallað um verkefnið í öllum helstu fjölmiðlum landsins.

Viðskiptaráð hefur einnig látið að sér kveðja í landbúnaðarmálum.





Viðskiptaráð stjórnvöld til þess að stíga skrefið til fulls og afnema aðflutningsgjöld á þær vörutegundir sem eftir sitja.

Viðskiptaráð hefur haldið áfram að gefa út yfirlit yfir skattabreytingar á milli ára eins og ráðið hefur gert síðastliðin 10 ár. Árið 2017 voru 27 skattabreytingar gerðar á milli ára, 18 til hækkunar en 9 til lækkunar, en árið 2016 voru þær 22, þar af 14 til hækkunar og 8 til lækkunar.

Á haustmánuðum 2016 birti Frosti Ólafsson, þáverandi framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, greinina „Ást og hatur í 100 ár“. Í greininni fjallaði Frosti um það þrætuepli sem búvörulög hafa verið í gegnum tíðina. Hvatti hann til breytinga þegar löggin yrðu næst endurskoðuð árið 2019. Haustið 2017 gaf Viðskiptaráð svo út skoðunina „Rof í landbúnaði – stígum skrefið til fulls“. Í skoðuninni var farið yfir bága stöðu sauðfjárbænda og mögulegar leiðir til úrlausnar á vandanum. Sérstaklega var tekið fyrir dæmi um jákvæða reynslu Ný-Sjálendinga af því að fella niður beina styrki til landbúnaðar. Í kjölfar afnáms styrkjanna jókst framleiðni í

greininni talsvert. Viðskiptaráð hvatti stjórnvöld til þess að líta til Nýja Sjálands og auka stuðning við nýsköpun í greininni. Þannig mætti stefna að öflugum útflutningi á hágæða vöru. Bændum ætti síðan að vera frjálst að stýra sínu framleiðslumagni eftir eftirspurn markaða, án styrkja.

Staðreyndavakt Viðskiptaráðs hefur verið á sínum stað undanfarin ár. Þar hefur meðal annars verið vakin athygli á jákvæðum afleiðingum lækkunar tolla og vörugjalda árið 2015 en samkvæmt úttekt Hagfræðistofnunar skilaði aðgerðin sér í vasa neytenda. Í ljósi reynslunnar af aðgerðinni hvatti

# SKATTADAGURINN

Skattadagur Viðskiptaráðs Íslands, Deloitte og Samtaka atvinnulífsins var haldinn árlega venju samkvæmt og var Skattadagurinn haldinn í tíunda skiptið árið 2018.

Á fundinum 2017 var Benedikt Jóhannesson, þáverandi fjármálaráðherra með opnunarávarp. Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, kynnti svokallaðan tékklista fyrir fjármálaráðherra og Bjarni Þór Bjarnason, sviðsstjóri Skatta- og lögfræðisviðs Deloitte fór yfir skattabreytingar með áherslu á alþjóðlega aðlögun og skattalega hvata. Salóme Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Icelandic Startups var einnig með erindi um alþjóðageirann og Signý Magnúsdóttir, endurskoðandi hjá Deloitte, fór yfir breytingar á ársreikningalögum.

Á Skattadeginum 2018 fjallaði Marta Guðrún Blöndal, lögfræðingur Viðskiptaráðs, um fyrirhugaðar breytingar ríkisstjórnarinnar á skattkerfinu og áhrif þeirra á hegðun fólks og fyrirtækja. Sagði hún mikilvægt að ríkisstjórnin átti sig á þeim beinu og óbeinu hvötum sem skattbreytingar hafa í för með sér. Bjarni



**Marta Guðrún Blöndal,**  
aðstoðarframkvæmdastjóri  
Viðskiptaráðs Íslands

Benediktsson, fjármálaráðherra ávarpaði salinn í upphafi og Bjarni Þór Bjarnason, sviðsstjóri Skatta- og lögfræðisviðs Deloitte fór yfir það nýjasta á liðnu ári. Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðapjónustunnar, hélt

erindi um áskoranir ferðapjónustunnar í skattaumhverfi Íslands. Fundarstjórn var í höndum Halldórs Benjamíns Þorbergssonar, framkvæmdastjóra Samtaka atvinnulífsins.

# MIKILVÆGT AÐ TAKA Á MÁLEFNUM LÍÐANDI STUNÐAR

Viðskiptaráð heldur reglulega fundi er varða þau mál sem eru í brennidepli á hverjum tíma. Að mati ráðsins er mikilvægt að bregðast hratt og örugglega við því sem er í umræðunni hverju sinni og stuðla þannig að málefnalegri umræðu.

## INNGRIP STJÓRNVALDA Á MÖRKUÐUM

Í apríl 2016 stóðu Viðskiptaráð Íslands og Samtök atvinnulífsins að fundi um inngrip stjórnvalda á mörkuðum. Tilfni fundarins var skýrsla Samkeppniseftirlitsins um eldsneytismarkaðinn og aðgerðir þær sem eftirlitið taldi koma til greina til þess að ryðja samkeppnishindrunum, sem að mati þeirra eru til staðar, úr vegi. Rætt var um skýrsluna, heimildir Samkeppniseftirlitsins til íhlutunar á mörkuðum og almennt um markaðsrannsóknir eftirlitsins. Á fundinum var Frosti Ólafsson, þáverandi framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands með erindi sem fjallaði um



## Inngrip stjórnvalda á mörkuðum Neytendavernd eða miðstýring?

markaðsrannsóknir og hvort þær væru gagnlegar eða gagnslausar. Heiðrún Lind Marteinsdóttir hdl., þá lögmaður á LEX lögmannsstofu og Þorsteinn Víglundsson, þáverandi framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins voru einnig með erindi. Að erindum loknum tóku við umræður og voru,

auk framsögumanna, Daði Már Kristófersson, forseti félagsvísindasviðs Háskóla Íslands og Ingunn Agnes Kro hdl., lögfræðingur Skeljungs fengin til þess að bregðast við umræðuefni dagsins. Fundarstjóri var Hrund Rudolfsdóttir, forstjóri Veritas.

## VIRKIR FJÁRFESTAR EÐA STOFUSKRAUT?

Í maí 2016 stóðu Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq Iceland og Samtök atvinnulífsins að morgunverðarfundum um samvistir lífeyrissjóða og almennra fjárfesta á hlutabréfamarkaði. En framangreindir aðilar hafa staðið að útgáfu leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja frá árinu 2004. Framsögumenn fundarins voru Páll

Harðarson, forstjóri Nasdaq Iceland, sem fjallaði um forsendur heilbrigðs hlutabréfamarkaðar, Helga Hlín Hákonardóttir, ráðgjafi hjá Strategíu, sem fjallaði um stofnanafjárfesta sem virka hluthafa og einnig fjallaði Heiðar Guðjónsson, fjárfestir og hagfræðingur, um starfsemi almenna fjárfesta við hlið stofnanafjárfesta. Að loknum erindum tóku við umræður þar sem þátttakendur voru Þorsteinn Víglundsson, þáverandi framkvæmdastjóri SA og formaður stjórnar Gildis lífeyrissjóðs, Þórunn Jónsdóttir, þáverandi forseti



viðskiptadeildar Háskólans í Reykjavík og Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður SI og Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, ásamt frummælendum. Fundarstjóri var Marta Guðrún Blöndal, lögfræðingur Viðskiptaráðs Íslands.

## VEL SMURÐ VÉL EÐA VÍRAFLÆKJA

Í september 2016 stóð Viðskiptaráð ásamt Félagi viðskiptafræðinga og hagfræðinga, fyrir morgunverðarfundum um íslenska skattkerfið. Á fundinum kynnti Daði Már Kristófersson, formaður verkefnisstjórnar Samráðsvettvangs

**Virkir fjárfestar eða stofuskraut?**  
SAMSPIL LÍFEYRISSJÓÐA OG ALMENNRA FJÁRFESTA Á HLUTABRÉFAMARKAÐI

Nasdaq VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS SA



um aukna hagsæld, nýjar tillögur um breytingar og umbætur á skattkerfinu og fulltrúar helstu stjórnmalaflokka sögðu frá afstöðu sinni til mögulegra breytinga.

---

### **VINNUSTOFUR UM NÝJA PERSÓNUVERNDARLÖGGJÖF**

---

Viðskiptaráð hélt vinnustofu með Logos lögmannsstofu í desember 2017 í tilefni af nýrri evrópskri persónuverndarlöggjöf en löggjöfin mun taka gildi þann 25. maí 2018 í Evrópu. Leggur ráðið kapp á að undirbúa aðildarfélagana sína fyrir þessi tímamót, en óhætt er að segja að löggjöfin muni hafa fjölþætt áhrif á starfsemi fyrirtækja á Íslandi. Mikil aðsókn var á vinnustofuna og komust færri að en vildu og því var vinnustofan endurtekin þann 22. janúar sl. Á vinnustofunum veittu Hjördís Halldórsdóttir hrl. og Áslaug Björgvinsdóttir hdl. sérfræðingum og stjórnendum upplýsingar um aðgerðir sem flest íslensk fyrirtæki þurfa að huga að í tilefni lagabreytinganna.

# NÝ LÖGGJÖF UM PERSÓNUVERND

Vinnustofa á vegum Viðskiptaráðs og LOGOS



Hjördís Halldórsdóttir hrl.



Áslaug Björgvinsdóttir hdl.


**Er þitt fyrirtæki tilbúið í breytingarnar?**

# VÍ Í KOSNINGAHAM 2016 OG 2017

Síðustu tvö starfsár Viðskiptaráðs hafa að stórum hluta litast af alþingis-kosningum sem haldnar voru haustin 2016 og 2017.

Í aðdraganda kosninga er mikilvægt sem aldrei fyrr að hagsmunum fyrir-tækja sé haldið á lofti og málefni í þágu aukinnar samkeppnishæfni viðskipta-lífsins fái brautgengi í umræðunni. Viðskiptaráð hefur ekki látið sitt eftir liggja í þeim efnum en ráðið hefur staðið að umsvifamikilli útgáfu, fundum með stjórn málaflökkum og greina-skrifum í kringum kosningarnar.

Fyrir kosningarnar 2016 og 2017 kortlagði Viðskiptaráð meðal annars skattastefnu flokkanna eftir umfangi og skýrleika. Í ljós kom að fyrir báðar kosningarnar bar mikið á ófjármögnuðum kosninga-loforðum og illa eða jafnvel óskilgreindri skattastefnu hjá flokkunum. Kom meðal annars fram í skoðuninni að engin stefna í málaflökknum þýðir þó ekki að engar breytingar verði gerðar á skattkerfinu en alls hafa 240 skattabreytingar verið gerðar hér á landi á síðustu 10 árum, þar af 179 til hækkunar. Mikið fór fyrir umfjölluninni í fjölmíðlum og almennri umræðu.



Í kosningaskoðun haustið 2016 kom fram að áætlaður kostnaður helstu kosningaloforða stjórn málaflökkana næmi tæpum tvö hundruð milljörðum króna. Hvatti Viðskiptaráð flokkana til þess að leggja kosningaloforð fram með ábyrgum hætti og taka tillit til heildaráhrifanna sem þeim fylgja. Í kjölfarið hvatti Katrín Olga Jóhannesdóttir formaður Viðskiptaráðs landsmenn til þess að kynna sér kosningaloforð, greina raunhæf loforð

frá þeim óraunhæfu og spyrna við óábyrgum áætlunum í grein sinni „Kaupum ekki köttinn í sekknum“.

Í miðjum stjórnarmyndunarviðræðum árið 2017 gaf Viðskiptaráð út skoðunina „Samkeppnishæfni á samningaborðið“ sem unnin var í kjölfar kosningafundar ráðsins fyrir meðlimi sína. Í skoðuninni kom fram að stjórn málaflökkarnir voru í stórum dráttum sammála um fjölmargar aðgerðir sem ráðast þyrfti

### Mynd 1

Flokkarnir sem nú eiga í stjórnarmyndunarviðræðum eiga að geta náð saman um eftirfarandi aðgerðir, sem allar eru atvinnulífínu til heilla.


- 1 Tryggja stöðugleika í gengismálum
- 2 Lækka tryggingagjald
- 3 Gæta aðhalds í ríkisrekstri og standa við langtímaáætlanir
- 4 Létta reglubyrði svo framleiðni líði ekki fyrir
- 5 Halda aftur af ósjálfbærum kjarahækkunum
- 6 Styðja við alþjóðageirann með frekari endurgreiðslum

Í til þess að bæta samkeppnisstöðu atvinnulífsins í kjölfar kosninga. Útbjó Viðskiptaráð því lista yfir aðgerðir sem komandi stjórn ætti að setja á stefnuskrá sína á komandi kjörtímabili.

Eitt mikilvægasta hlutverk Viðskiptaráðs í undanfara kosninga er að koma á samtali milli fulltrúa viðskiptalífsins og stjórnmalanna. Fyrir kosningarnar 2016 og 2017 hélt Viðskiptaráð því fundi þar sem forsvarsmenn stjórnmalaflokkanna sátu fyrir svörum. Í fyrra skiptið var um að ræða opinn

fund í Hörpu en fyrir kosningarnar 2017 var haldinn lokaður fundur fyrir aðildarfélagaráðsins. Viðskiptaráð sendi út könnun til aðildarfélagar til að spyrjast fyrir um hvaða málefni félagar teldu þau mikilvægustu í komandi kosningum. Niðurstöðurnar voru nýttar á kosningafundinum haustið 2017 og í útgáfu að fundi loknum. Töldu aðildarfélagar peningamálin, kjaramálin og skattamálin þau mikilvægustu.

# VIÐSKIPTARÁÐ LÉT TIL SÍN TAKA Í AÐDRAGANDA KOSNINGA



Sú sérstaka staða var uppi í íslensku samfélagi árin 2016 og 2017 að Alþingiskosningar voru haldnar bæði árin. Viðskiptaráð lét til sín taka í aðdraganda kosninga og hélt sérstaka kosningafundi bæði árin þar sem fengnir voru fulltrúar stjórnmalaflokkanna til að sitja fyrir svörum. Enda eru slíkir fundir í kjölfar kosninga kjörinn vettvangur til að hafa jákvæð

áhrif á rekstrarumhverfi atvinnulífsins.

## HVER BAKAR ÞJÓÐARKÖKUNA? KOSNINGAR 2016

Fyrir Alþingiskosningar 2016 stóð Viðskiptaráð, ásamt Samtökum atvinnulífsins, að opnum umræðufundi um

stjórnmal og atvinnulíf undir yfirskriftinni „Hver bakar þjóðarkökuna?“ Á fundinum tóku þátt fulltrúar allra stjórnmalaflokka sem sæti áttu á Alþingi eða höfðu mælst með yfir 5% fylgi í skoðanakönnunum. Til umfjöllunar var m.a. hvernig fjármagna ætti kosningaloforðin og hvernig mætti tryggja lága verðbólgu og lægri vexti á Íslandi og hvernig tryggja mætti gott starfsumhverfi fyrirtækja. Kristján Kristjánsson, fjölmiðlamaður var fundarstjóri.

## ÓSKALISTI ATVINNULÍFSINS KOSNINGAR 2017

Í aðdraganda Alþingiskosninganna 2017 lét Viðskiptaráð framkvæma tvær skoðanakannanir. Annars vegar skoðanakönnun meðal stjórnenda allra aðildarféлага Viðskiptaráðs um hvar helst væri þörf á úrbótum á rekstrarumhverfi íslenskra fyrirtækja og hins vegar meðal formanna stjórnmalaflokkanna um áherslur í þeim mála-



flokkum sem helst brenna á íslensku atvinnulífi. Niðurstöðurnar voru svo kynntar á kosningafundi Viðskiptaráðs sem bar yfirskriftina Óskalisti atvinnulífsins. Það vakti mikla athygli að margt af því sem atvinnulífið kallar eftir eru aðgerðir sem stjórnmalaflokkarnir eru sammála um að ráðast þurfi í og jafnframt voru stjórnmalaflokkarnir sammála um að ráðast þyrfti í ýmis veigamikil atriði, atvinnulífinu til hagsbóta.

Á fundinum var sérstök áhersla lögð á samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs og framtíðarsýn flokkanna í þeim efnum. Allir frambjóðendur, með 4% eða meira í könnunum og/eða sitjandi á þingi, fengu tækifæri til að svara því hvernig þeir komi til með að tryggja sterkt atvinnulíf hér á landi. Fundarstjóri var fjölmiðlamaðurinn Kristján Kristjánsson.



# SAMKEPPNISHÆFNI ÍSLANDS KORTLÖGÐ

Viðskiptaráð stendur árlega fyrir úttekt á samkeppnishæfni Íslands í samstarfi við Svissneska viðskiptaháskólann IMD. Úttektin samanstendur annars vegar af stjórnendakönnun sem er send á forstöðumenn allra aðildarfélaga Viðskiptaráðs og hins vegar af gagnasöfnun sem samanstendur af um 400 hagvísum sem eru bornir saman við önnur ríki í úttektinni.

Niðurstöður úttektarinnar eru birtar í júní ár hvert og undanfarin ár hefur Viðskiptaráð haldið opinn fund um niðurstöðurnar í samstarfi við Íslandsbanka. Árleg úttekt IMD á samkeppnishæfni þjóða hefur reynst dýrmæt við að beina umræðu um samkeppnishæfni Íslands á rétta braut og mynda þannig samstöðu um þær aðgerðir sem eiga heima efst á forgangslista stjórnvalda þegar kemur að umbótum.

Ísland sat í 23. sæti árið 2016 og 20. sæti árið 2017 og þokaðist því lítillega upp á við á listanum. Hækkunin milli ára var fyrst og fremst drifin áfram af bættri efnahagslegri frammistöðu



en jafnframt jókst skilvirkni bæði í atvinnulífi og hjá hinu opinbera.

---

## SAMKEPPNISHÆFNI 2016

---

Þema fundarins árið 2016 var höfuðborgarsvæðið og áhrif þess á samkeppnishæfni landsins.

Á fundinum voru Sigurður Ingi

Jóhannesson, þáverandi forsætisráðherra, Ólöf Nordal, þáverandi innanríkisráðherra og Dagur B. Eggertsson borgarstjóri með erindi. Ræddu þau m.a. um hvaða áhrif skipulagsmál, skólastarf og menningarframboð hafa þegar kemur að því að laða til landsins erlenda sérfræðinga og alþjóðleg fyrirtæki og fjárfestingu. Björn Brynjúlfur Björnsson, þáverandi hagfræðingur Viðskiptaráðs kynnti niðurstöður IMD.

---

## SAMKEPPNISHÆFNI 2017

---

Þema fundarins árið 2017 var menntun og samkeppnishæfni mannaúðs.

Krístúrín Mjöll Frostadóttir, hagfræðingur Viðskiptaráðs Íslands kynnti niðurstöður úttektarinnar og greindi frá stöðu Íslands – en Ísland færði sig upp um þrjú sæti milli ára og vermdi 20. sætið.

Benedikt Jóhannesson, þáverandi fjármálaráðherra, Ari Kristinn Jónsson, rektor Háskólans í Reykjavík og Stefanía Halldórsdóttir, þáverandi framkvæmdastjóri CCP á Íslandi fluttu erindi og tóku þátt í umræðum. Vakti sérstaka athygli æfing sem Stefanía lét fundargesti taka þátt í þegar hún bað alla um að ímynda sér að þeir væru staddir í framtíðinni og lýsa því hvernig þær breytingar sem gerðar voru árið 2017 hefðu breytt menntakerfinu á Íslandi til hins betra.




# MÁL SVARI ATVINNULÍFSINS

Sem heildarsamtök atvinnulífsins starfar Viðskiptaráð að hagsmunum allra sem stunda viðskipti. Þá vinnur ráðið einnig að sértækum málum í þágu aðildarfélaga sinna. Þessu hlutverki sinnir Viðskiptaráð meðal annars með því að beita sér fyrir hagfelldu laga- og regluverksumhverfi og vönduðum stjórnsýsluháttum opinberra aðila. Starfsfólk Viðskiptaráðs blandar sér einnig í opinbera umræðu með greina-skrifum og þátttöku í sjónvarps- og útvarpsþáttum þegar málefni viðskiptalífsins eru til umræðu.

## UMSAGNIR TIL ÞINGNEFNDA OG RÁÐUNEYTA

Á ári hverju veitir ráðið umsagnir um tugi lagafrumvarpa og þingsályktunartillagna sem lögð eru fram á Alþingi í þessum tilgangi. Í flestum tilfellum er um að ræða frumvörp sem varða viðskiptalífið með beinum eða óbeinum hætti. Starfsmenn Viðskiptaráðs eru einnig reglulega boðaðir á fundi með þingnefndum til að fjalla um afstöðu ráðsins til ýmissa mála.

## FERLI ÞINGMÁLA HJÁ ALÞINGI MÁ SKIPTA Í SJÖ SKREF



Til viðbótar við lög og þingsályktunartillögur fylgist Viðskiptaráð með breytingum á reglugerðum og veitir umsagnir til ráðuneyta ef svo ber undir. Þá hefur það færst í aukana á undanförunum árum að drög að lagafrumvörpum séu birt á vefsíðum ráðuneyta til rýni fyrir hagsmunaaðila. Viðskiptaráð hefur nýtt sér þessa nýjung í miklum mæli, enda heppilegt að sjónarmið hagsmunaaðila komi fram sem fyrst í löggjafarferlinu.

Þá hafa mörg mikilvæg mál komið

á borð Viðskiptaráðs að frumkvæði aðildarfélaga og eru félagar hvattir til að hafa samband við starfsfólk Viðskiptaráðs hafi þeir skoðanir á regluverki, sérstaklega ef það er í mótun hjá ráðuneytum eða til umfjöllunar á Alþingi.


Við ritun umsagna hefur Viðskiptaráð það að leiðarljósi að verja mestum kröftum í mál sem hafa mikil áhrif eða snerta breiðan hóp aðildarfélaga ráðsins. Þar sem málefni sem Við-

skiptaráð lætur sig varða eru af mjög fjölbreyttum toga leitar ráðið reglulega til félaga til að fá afstöðu þeirra til ýmissa mála.

Sem dæmi um beina hagsmunagæslu Viðskiptaráðs má nefna eftirfarandi umsagnir um þingmál og frumvarpsdrög sem varða ólíka málaflokka. Í neðangreindum málum lýsir Viðskiptaráð bæði afstöðu sinni til sértækra mála og mála sem varða atvinnulífið í heild sinni.

## ÁFRAMHALDANDI LÆKKUN TRYGGINGAGJALDS

### ÞRÓUN TRYGGINGAGJALDS



Í byrjun maí 2016 skilaði Viðskiptaráð inn umsögn til efnahags- og viðskipta- nefndar vegna frumvarps sem meðal annars kvað á um lækkun tryggingagjalds. Allt frá því að tryggingagjald var hækkað umtalsvert í kjölfar efnahagshrunsins hefur Viðskiptaráð barist fyrir því að gjaldið verði lækkað aftur. Viðskiptaráð fagnaði þar af leiðandi frumvarpinu í umsögn sinni. Ráðið benti á að hækkan tryggingagjalds í kjölfar fjármálakreppunnar 2008 hefði ekki verið dregin til baka nema að hluta. Tók ráðið jafnframt fram að gjaldið væri hærra en nauðsynlegt væri til að standa undir þeim útgjöldum sem því er ætlað að fjármagna samkvæmt lögum. Innheimta tryggingagjalds væri óháð því hvort hagnaður eða tap er af rekstri fyrirtækja sem það greiða og slík skattlagning gæti skapað fyrirtækjum þungar byrðar. Þetta á sérstaklega við um minni fyrirtæki þar sem launakostnaður er hlutfallslega hærri og fyrirtæki í mannaflsfrækri starfsemi. Þrátt fyrir lækkun gjaldsins á síðastliðnum árum er enn þó nokkuð í að tryggingagjaldið nái því prósentu- stigi sem það var fyrir efnahagshrun og mun ráðið því halda áfram að berjast fyrir lækkun gjaldsins.

## SAMKEPPNISMAT Í LÖGUM UM OPINBER INNKAUP


Í maí 2016 skilaði Viðskiptaráð inn umsögn til fjárlaganefndar vegna frumvarps til laga um opinber innkaup. Í umsögninni kom fram að margar af þeim breytingum sem frumvarpið kvað á um væru til þess fallnar að stuðla að aukinni hagkvæmni í opinberum innkaupum. Hins vegar gerði ráðið athugasemdir við tiltekna breytingar sem frumvarpið kvað á um og vörðuðu afnám svokallaðs samkeppnismats við framkvæmd útboða í gegnum miðlægar innkaupastofnanir. Taldi ráðið samkeppnismat vera forsendu þess að innkaupastefna hins opinbera tæki tillit til heildaráhrifa útboðs í gegnum miðlæga innkaupastofnun á markaði og afkomu hins opinbera. Með samkeppnismati væri reynt að svara spurningum líkt og þeim hvort aðgerðir hins opinbera leiði til þess að fyrirtækjum fækki með beinum eða óbeinum hætti, hvort aðgerðir takmarki möguleika fyrirtækja til að mæta samkeppni og hvort aðgerðin takmarki frumkvæði fyrirtækja til stunda virka samkeppni. Ráðið áréttaði þó að ótvírætt væri að stærðarhagkvæmni

■ **20.gr. Innkaup í öðru ríki Evrópska efnahagssvæðisins.**

□ Kaupanda er heimilt að nota miðstýrða innkaupastarfsemi í öðru ríki Evrópska efnahagssvæðisins til að bjóða út innkaup á vöru eða þjónustu sem falla undir lög þessi. Ríkiskaupum er einnig heimilt að bjóða út innkaup sem falla undir lög þessi, í öðru ríki Evrópska efnahagssvæðisins, í samstarfi við erlenda kaupendur, samtök þeirra eða fulltrúa, eða miðlægar innkaupastofnanir.

Samkeppniseftirlitinu skal tilkynnt um fyrirhuguð innkaup ásamt rökstuðningi fyrir beitingu heimildar skv. 1. mgr. **Með rökstuðningnum skal fylgja samkeppnismat í samræmi við leiðbeiningar Ríkiskaupa. Samkeppniseftirlitið skal veita álit sitt á matinu og taka þar með afstöðu til þess hvort útboðið sé til þess fallið að raska samkeppni á innlendum markaði.** Álitið hefur ekki áhrif á útboðsferlið. Kaupandi getur lokið útboði óháð niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins. Afhenda skal afrit af samningi í kjölfar útboðs sé óskað eftir því.

**R&P ENDURGREIÐSLUR Í ÞEIM OECD-RÍKJUM SEM BEITA ENDURGREIÐSLUAÐFERÐ**



1) Önnur OECD ríki beita flest kostnaðarmargfeldis-aðferð, en þá má gjaldfæra R&P-kostnað margfalt til að draga úr tekjuskattsgreiðslum. 2) Til samanburðar var R&P-kostnaður Össuvarar 18m USD árið 2015 og Marels 50m EUR árið 2014. 3) Greiða þarf skatt af endurgreiðslunni. 4) Hlutfallið tækkar í 15% eftir 2,11m USD 5) Einungis R&P í tengslum við hallarektur

Heimildir: OECD; greining Viðskiptaráðs Íslands

væri fólgin í miðlægum innkaupum en meginatriði væri þó að skýrt þyrfti að liggja fyrir að neikvæð áhrif breyttrar innkaupastefnu á innlendan markað með viðkomandi vöru- og þjónustuflokka vegi ekki þyngra en umræddur ávinningur. Tekið var tillit til athugasemda ráðsins og lög um opinber innkaup kveða á um að samkeppnismat skuli ávallt fara fram við framkvæmd útboða í gegnum miðlægar innkaupastofnanir í öðrum ríkjum.

**AUKINN STUÐNINGUR VIÐ NÝSKÖPUN FAGNAÐAREFNI**

Í maí 2016 skilaði Viðskiptaráð inn umsögn til efnahags- og viðskiptanefndar vegna frumvarps sem kvað umbætur á



rekstrarumhverfi fyrirtækja hér á landi. Meðal þeirra breytinga var hækkun á hámarki vegna endurgreiðslu rannsóknar- og þróunarkostnaðar. Í umsögn ráðsins kom fram að breytingin væri skref í rétta átt en áréttaði ráðið þó að ganga ætti lengra og afnema hámarkið með öllu. Því til stuðnings nefndi ráðið að Ísland væri neðst á lista þeirra OECD þjóða sem beita endurgreiðsluáðferð til að styðja við rannsóknar- og þróunarverkefni og þreföldun hámarksins, líkt og lagt var til með frumvarpinu, myndi duga skammt til að breyta þeirri mynd. Afleiðing þessarar löku samkeppnisstöðu væri brottflutningur alþjóðlegra samkeppnishæfra fyrirtækja frá Íslandi.

Ráðið mun halda áfram á komandi misserum að tala fyrir því að hámark vegna endurgreiðslu rannsóknar- og þróunarkostnaðar verði afnumið.

### AFNÁM EINKARÉTTAR RÍKISINS Á PÓSTMARKAÐI TÍMABÆRT

Í tvígang hefur Viðskiptaráð skilað inn umsögn til annars vegar innanríkisráðuneytis og hins vegar samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins vegna draga að frumvarpi um póstpjónustu. Með frumvarpsdrögunum var í báðum tilfellum lagt til að einkaréttur ríkisins á sviði póstpjónustu yrði lagður

**Viðskiptaráð Íslands** @vidskiptarad

Á póstpjónusta að vera í höndum ríkis eða einkaaðila? Lestu umsögn okkar um það hér: [medium.com/@vidskiptarad/](https://medium.com/@vidskiptarad/) ...

32% Ríkis

68% Einkaaðila

136 votes • Final results

5:42 AM - 16 Aug 2017

niður og opnað yrði fyrir samkeppni á póstmarkaði. Viðskiptaráð fagnaði þessu skrefi, enda eitt af verkefnum ráðsins að vinna gegn útpenslu hins opinbera með því að stuðla að auknu vægi einkaframtaksins. Í umsögn sinni benti Viðskiptaráð á að Ísland væri eina landið innan EES sem ekki hefur afnumið einkarétt ríkisins á sviði póstpjónustu og því tímabært að stíga skrefið til fulls. Ráðið hvatti jafnframt stjórnvöld til að huga að breyttu eignarhaldi á Íslandspósti hf. enda margvíslegar áskoranir sem fylgja því að starfrækja fyrirtæki í opinberri eigu á samkeppnismarkaði.

# ÁBYRGÐ OG GAGNSÆI Í VIÐSKIPTUM

FULLTRÚAR  
ÚTGÁFUADILA



**Marta Guðrún Blöndal**

Lögfræðingur  
Viðskiptaráðs Íslands  
(verkefnisstjóri)



**Frosti Ólafsson**

Fyrirv. framkvæmdarstjóri  
Viðskiptaráðs Íslands



**Þórunn Jónsdóttir**

Forseti viðskiptadeildar  
Háskólans í Reykjavík  
(formaður)



**Hildur Árnadóttir**

Löggiltur  
endurskoðandi



**Bergþóra Halldórsdóttir**

Lögfræðingur hjá  
Samtökum atvinnulífsins



**Páll Harðarson**

Forstjóri Kauphallarinnar



**Haraldur Ingi Birgisson**

Lögfræðingur hjá  
Deloitte



**Hjörleifur Pálsson**

Ráðgjafi og formaður  
stjórnar Háskólans í  
Reykjavík



og ábyrgð stjórnenda og auðvelda þeim þannig að rækja störf sín og um leið treysta hag hluthafa, fjárfesta og annarra hagsmunaaðila. Með góðum stjórnarháttum má einnig styrkja innviði fyrirtækja og efla almennt traust gagnvart viðskiptalífnum. Hvort tveggja skiptir sköpum fyrir samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja.

Vorið 2015 var 5. útgáfa leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja gefin út.

Endurskoðun leiðbeininganna var stýrt af starfshópi um stjórnarhætti, sem skipaður er fulltrúum útgáfuaðila ásamt sérfræðingum úr íslensku atvinnulífi og háskólasamfélaginu. Í hópnum sátu: Þórunn Jónsdóttir þáverandi forseti viðskiptadeildar Háskólans í Reykjavík (formaður), Bergþóra Halldórsdóttir lögfræðingur hjá Samtökum atvinnulífsins, Frosti Ólafsson fyrirverandi framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands, Haraldur I. Birgisson lögfræðingur hjá Deloitte, Hildur Árnadóttir eigandi Argyron ehf., Hjörleifur Pálsson ráðgjafi og formaður stjórnar Háskólans í Reykjavík og Páll Harðarson forstjóri Kauphallarinnar. Verkefnisstjóri var Marta Guðrún Blöndal lögfræðingur Viðskiptaráðs Íslands.

Samhliða 5. útgáfu opnaði nýr vefur með rafrænni útgáfu leiðbeininganna. Rafræna útgáfan er gagnvirk og aðlagar sig að tölvum og snjalltækjum af ólíkum stærðum og gerðum. Með rafrænni útgáfu leiðbeininganna er markmiðið að gera leiðbeiningarnar aðgengilegri og notendavænni en áður.

**Slóð vefsíðunnar er [leidbeiningar.is](http://leidbeiningar.is).**

## LEIÐBEININGAR UM STJÓRNARHÆTTI FYRIRTÆKJA

Frá árinu 2004 hefur Viðskiptaráð Íslands gefið út leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja í samstarfi við Samtök atvinnulífsins og Kauphöllina. Leiðbeiningunum er ætlað að stuðla að góðum stjórnarháttum í íslenskum fyrirtækjum með því að skýra hlutverk



## KOSTIR GERÐARMEÐFERÐAR

### Hröð úrlausn ágreiningsmála

- Samkvæmt reglum dómsins skal endanleg úrlausn liggja fyrir innan sex mánaða.
- Trúnaður gildir um málsmeðferðina

### Sérhæfðir gerðarmenn leysa úr ágreiningi aðila

### Heimilt er að leiða sérfræðivitni fyrir dóminn

**Auðvelt að fullnusta úrlausnir gerðardóma um nær allan heim á grundvelli New York samningsins**

## GERÐARDÓMUR VIÐSKIPTARÁÐS ÍSLANDS

Á vegum Viðskiptaráðs Íslands starfar sérstakur gerðardómur (e. The Nordic Arbitration Centre). Með notkun gerðardómsins geta aðilar fengið leyst úr ágreiningi með skjóttum og öruggum hætti. Gerðardómur Viðskiptaráðs Íslands er ein elsta gerðardómsstofnun landsins. Dómurinn var stofnaður árið 1920 en var lagður niður árið 1930. Hann var síðan endurvakinn árið 1980 þar sem stjórn Viðskiptaráðs (þá Verzlunarráð) taldi nauðsynlegt að til væri dómur sem gæti skorið úr ágreiningsefnum í viðskiptum með skjóttum hætti.

Fyrir Gerðardómi Viðskiptaráðs gilda

málsmeðferðarreglur sem bæði eru til í íslenski og enski útgáfu. Í þeim er að finna ítarleg ákvæði um atriði er tengjast gerðarmeðferð, skipun gerðamanna, kostnað gerðarmeðferðar o.fl.

Úrlausn ágreinings fyrir Gerðardómi Viðskiptaráðs er á höndum gerðardómsmanna sem starfa í samræmi við reglur Gerðardómsins eða aðrar reglur sem málsaðilar hafa samið um. Stjórn Gerðardómsins tekur afstöðu til þess hvort gerðarsamningur sé til staðar milli málsaðila. Sé slíkum samningi til að dreifa er málinu vísað til gerðardómsmanna.

Aðilum er heimilt að semja sérstaklega um skipan og fjölda gerðardómsmanna. Meginreglan er sú

## Í STJÓRN GERÐARDÓMSINS SITJA:



**Andri  
Árnason**  
(formaður)



**Baldvin Björn  
Haraldsson**  
(varaformaður)



**Eiríkur Elís  
Þorláksson**



**Gunnar  
Sturluson**



**Ásthildur  
Otharsdóttir**

að gerðardómsmenn hafi sex mánuði frá því gerðarmeðferð hefst til að kveða upp endanlega úrlausn í máli en málsaðilum er einnig heimilt að semja um að aðrir tímafrestir skuli gilda.

Dómur Gerðardóms Viðskiptaráðs er endanlegur og bindandi fyrir málsaðila. Hann er jafnframt aðfararhæfur í 157 löndum, þar sem Ísland er aðili að New York samningnum um viðurkenningu og fullnustu erlendra gerðardómsúrskurða. Trúnaður gildir um alla málsmeðferð fyrir Gerðardómi Viðskiptaráðs og geta málsaðilar því haldið ágreiningi sínum eða viðkvæmum málum leyndum.

**Nánari upplýsingar um dóminn má nálgast á [www.nac.is](http://www.nac.is)**

Farsæl lögmannstofa byggir á því grundvallarviðhorfi að áratugi þurfi til þess að skapa sér gott orðspor en einungis augnablik að glata því.  
- LEX LÖGMANNSSTOFA

Samkeppnisforskot framtíðarinnar mun að stórum hluta snúast um að tryggja sér hæft starfsfólk sem hefur ástríðu fyrir starfi sínu, keyrir áfram nýsköpun, tekur frumkvæði að umbótum, er vakandi fyrir viðskiptataækifærum og þykir vænt um vinnustaðinn sinn.  
- HAGVANGUR

Nýsköpun er lykillinn að framtíð Íslands, enda drifkraftur og forsenda aukinnar verðmætasköpunar. Thule Investments vill stuðla að því að tæknidrifin nýsköpun sjái næstu kynslóð Íslendinga fyrir framtíðar atvinnutækifærum og búi til spennandi störf fyrir menntað ungt fólk.  
- THULE INVESTMENTS

Það er til marks um breytta tíma að þegar Sveinn Björnsson, síðar fyrsti forseti Íslands, stofnaði fyrstu lögmannstofu landsins árið 1907 þótti mörgum óðs manns æði að vera með slíkan lúxus sem sérstök skrifstofa þótti vera á þessum tíma. LOGOS á rætur sínar að rekja til þessarar stofu sem var stofnuð fyrir 110 árum.  
- LOGOS

**Skapandi hefð í matarkistunni.**  
- ICELANDIC FISH & CHIPS

Það standa allir saman í Símaskránni, óháð starfi, aldri og pólitík. Á þeim grunni byggðum við öflugt íslenskt upplýsingafyrirtæki sem þróast samhliða tækni og tíðaranda.  
- JÁ

Kara mun bylta aðgengi að sérfræðingum og á sama tíma breyta störfum og ávinningi sömu sérfræðinga.  
- KARA CONNECT

**Í rafmagnaðri framtíð flytjum við hreint rafmagn til þín.**  
- LANDSNET

Michelsen úrsmiðir er elsta úra og skartgripaverslun landsins (1909). Mikil reynsla og þekking sem erfst hefur mann fram af manni, kynslóð eftir kynslóð, skín í gegn með faglegrri og persónulegrri þjónustu.  
- MICHELSEN ÚRSMÍÐIR / FRANCH MICHELSEN EHF

# RÁÐSTEFNA UM ALPJÓÐLEGAN GERÐARDÓMSRÉTT

Dagana 7. – 8. september 2017 fór fram ráðstefna um alþjóðlegan gerðardómsrétt hér á landi. Ráðstefnan var haldin á vegum Gerðardóms Alþjóðlega viðskiptaráðsins (e. ICC International Court of Arbitration) og var Viðskiptaráð meðal bakhjarla ráðstefnunnar. Ráðstefnan var haldin

til þess að kynna málsmeðferð fyrir gerðardómi sem skilvirka lausn við úrlausn viðskiptatengdra ágreiningsmála. Ráðstefnunni var skipt upp í tvo hluta, annars vegar fór ráðstefnan sjálf fram þann 7. september í húsakynnum Háskólans í Reykjavík. Hins vegar var haldin vinnustofa þann 8. september

sem Viðskiptaráð hélt í húsakynnum sínum þar sem fjallað var um ýmis hagnýt atriði er varða gerðarmeðferð. Meðal framsögumanna ráðstefnunnar voru erlendir og innlendir lögmennt sem sérhæfa sig í gerðardómsrétti. Ráðstefnan var vel sótt og komu ráðstefnugestir frá yfir 20 þjóðernum.





**The Icelandic Economy**  
Current State, Recent Developments and Future Outlook



ICELAND CHAMBER  
OF COMMERCE

# UPPLÝSINGAMIÐLUN ERLENDIS

## THE ICELANDIC ECONOMY 2017

Íslenskt efnahagslíf hefur gengið í gegnum umtalsverðar breytingar á síðustu árum. Á sama tíma hefur upplýsingagjöf til erlendra aðila um stöðu efnahagsmála á Íslandi verið af skornum skammti. Viðskiptaráð hefur frá haustinu 2008 því miðlað reglulega upplýsingum til erlendra aðila til að greina frá stöðu efnahagsmála hérlandis, greiða fyrir alþjóðlegum viðskiptum og tengslamyndun félaga sinna.

Umfangsmesti hluti þeirrar starfsemi er útgáfa ritsins „The Icelandic Economy“ ár hvert. Þar er fjallað um stöðu efna-

hagsmála á Íslandi í dag, nýlega atburði í stjórnámum, viðskiptum og efnahagslífi og langtímahorfur í hagkerfinu.

Í fyrsta skiptið árið 2017 var skýrslan gefin út á prenti og hélt Viðskiptaráð, samhliða útgáfunni, svokallað síðsumarshóf. Öllum aðildarfélögum Viðskiptaráðs var boðið á hófið ásamt ýmsum aðilum sem sérstakan hag hafa af skýrslu sem þessari, svo sem starfsmönnum ráðuneyta og starfsmönnum erlendra sendiráða hér á landi. Guðlaugur Þór Þórðarson, þáverandi utanríkisráðherra, ávarpaði gesti

auk þess sem skýrslan var kynnt stuttlega. Útprentuð eintök af skýrslunni voru í boði fyrir gesti. Arnar Birgis, listamaðurinn á bak við myndirnar sem prýða ritið, var jafnframt á staðnum með verk sín til sýnis.

Ár hvert er glærुकynning gefin út samhliða skýrslunni en í henni má finna myndir úr skýrslunni á aðgengilegu formi fyrir kynningar á íslensku efnahagslífi. Bæði ritið og kynningin er öllum aðgengileg bæði á íslensku vefsíðu ráðsins, vi.is, og einnig á enskri vefsíðu ráðsins, chamber.is.



# BAKHJARL MENNTUNAR

Frá stofnun hefur Viðskiptaráð Íslands tekið þátt í uppbyggingu íslensks menntakerfis með áherslu á hagnýta menntun á sviðum atvinnulífs, enda fátt til meiri hagsbóta fyrir viðskiptalífið en öflugt og vel menntað starfsfólk.

Alþjóðavæðing atvinnulífsins gerir það að verkum að fyrirtækin búa við meiri samkeppni og flóknara rekstrarumhverfi en áður. Stjórnendur í atvinnulífinu gera sér því sífellt betur grein fyrir því að til þess að standast samkeppni þurfa fyrirtæki að hafa innan sinna vébanda hæft og vel menntað starfsfólk.

Til að mæta þessari áskorun er mikilvægt fyrir atvinnulífið að taka virkan þátt í uppbyggingu menntunar. Að þessu hlutverki hefur Viðskiptaráð komið með markvissum hætti síðustu ár og áratugi í gegnum Menntasjóð Viðskiptaráðs Íslands (áður SVÍV). Sjóðurinn er sjálfseignastofnun sem starfar undir vernd og umsjón Viðskiptaráðs Íslands.

Formlegt hlutverk Menntasjóðsins (MVÍ) er að auka samkeppnishæfni

íslensks atvinnulífs með því að efla og bæta menntun og rannsóknir á öllum skólastigum og styðja við nýsköpun atvinnulífs. Stjórn Viðskiptaráðs myndar fulltrúaráð MVÍ og fer með æðsta vald í málefnum stofnunarinnar.

Sjóðurinn er meirihlutaeigandi í Háskólanum í Reykjavík og rak Verzlunarskóla Íslands í hartnær öld.

---

## NÁMSSTYRKJASJÓÐUR VIÐSKIPTARÁÐS ÍSLANDS

---

Hlutverk Námsstyrkjasjóðsins er að veita námsstyrki til íslenskra nemenda vegna framhaldsnáms á háskólastigi. Styrkjunum er einkum ætlað að mæta kostnaði vegna skólagjalda og rannsóknánáms. Styrkirnir eru veittir vegna náms í greinum sem tengjast atvinnulífinu og stuðla að framþróun þess.

Markmið styrkveitinganna er að stuðla að eflingu mannaúts á Íslandi með því að gera íslenskum nemendum kleift að sækja sér fjölbreytta og alþjóðlega

menntun í hæsta gæðaflokki. Sjóðurinn styður þannig jafnframt við hlutverk MVÍ.

Styrkirnir eru veittir á Viðskiptaþingi hvers árs og hafa að jafnaði fjórir styrkir verið veittir hverju sinni. Árið 2018 er hver styrkur að upphæð 1 m.kr. og heildarúthlutun sjóðsins því 4 m.kr. 115 umsóknir bárust frá íslenskum námsmönnum í framhaldsnámi í 14 löndum víðsvegar um heiminn. Var sérstök áhersla lögð á stafræna þróun þetta árið og því ánægjulegt að sjá fjölda umsókna.

Meðlimir valnefndarinnar síðustu fjögur ár eru dr. Ari Kristinn Jónsson, rektor Háskólans í Reykjavík, dr. Daði Már Kristófersson, forseti Félagsvísindasviðs Háskóla Íslands, og Guðbjörg Edda Eggertsdóttir, stjórnarmaður í Viðskiptaráði Íslands. Viðskiptaráð kann meðlimum nefndarinnar miklar þakkir fyrir framlag þeirra.

---

## RANNSÓKNASJÓÐUR VIÐSKIPTARÁÐS

---

Hlutverk Rannsóknasjóðsins hefur verið að veita styrki til einstaklinga vegna rannsókna tengdum framþróun menntunar og eflingu íslensks atvinnulífs. Styrkjunum er einkum ætlað að mæta útgjöldum sem tengjast rannsóknastarfsemi, t.a.m. vegna heimildaöflunar, greiningarvinnu, útgáfu og tæknipróunar þar sem það á við. Styrkirnir eru bundnir við verkefni sem styðja við eftirfarandi markmið:

- a. Aukna skilvirkni og gæði íslensks menntakerfis
- b. Eflingu þekkingar á forsendum til aukinnar verðmætasköpunar íslensks atvinnulífs

Árið 2016 fór fram önnur úthlutun úr Rannsóknasjóði Viðskiptaráðs Íslands. Alls var ellefu milljónum króna úthlutað til fjögurra verkefna. Styrkjunum er ætlað að auka samkeppnishæfni Íslands með því að efla rannsóknir og nýsköpun sem nýtast íslensku menntakerfi og atvinnulífi. Að mati valnefndar féllu þau verkefni sem urðu



fyrir valinu vel að markmiðum sjóðsins auk þess sem gæði umsókna þóttu framúrskarandi.

Háskólinn í Reykjavík hlaut hæsta styrkinn að upphæð 5 milljónir vegna samstarfsverkefnis við Massachusetts Institute of Technology (MIT) og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið sem felst í greiningu á umhverfi nýsköpunar á Íslandi og gerð tillagna um hvernig best sé að efla það þannig að landið verði samkeppnisfært í heimi mikilla og hraðra breytinga. Ólafur Þór Ævarsson og Ragnheiður Guðfinna Guðnadóttir hlutu 3 milljóna króna styrk til að framkvæma rannsókn á algengi streitu og streitutengdra

vandamála á íslenskum vinnumarkaði. Fer nú fram þróun á aðferð til að mæla algengi sjúklegra einkenna streitu í fyrirtækjum á ónafngreindan hátt og mat lagt á afleiðingar streitu á heilsu og rekstur fyrirtækja. Lagadeild Háskóla Íslands og Hagfræðistofnun hlaut styrk að upphæð 1,5 milljónir vegna rannsóknarverkefnis í norðurslóðarétti. Þungamiðja verkefnisins hvílir á siglingum og skipaflutningum um norðurslóðir og áhrifum þeirrar starfsemi m.a. á íslensk fyrirtæki og efnahagslíf. Lára Jóhannsdóttir hlaut að lokum styrk að upphæð 1,5 milljónir króna til að vinna að rannsóknarverkefninu Ábyrgar fjárfestingar íslenskra fyrirtækja. Í



verkefninu verður leitast við að skilgreina hvað ábyrgar fjárfestingar eru, hvernig þær tengjast góðum stjórnarháttum, hverjir séu hvatar sem liggja til grundvallar ábyrgum fjárfestingum, hverjar séu helstu hindranir fyrir því að fjárfesta á ábyrgan máta, hver sé helsti ávinningurinn af ábyrgum fjárfestingum og hver staða ábyrga fjárfestinga sé hér á landi.

Alls bárust 127 styrkumsóknir frá fjölbreyttum hópi umsækjenda og verkefni valnefndar því vandasamt. Meðlimir valnefndarinnar eru Eggert Benedikt Guðmundsson, forstjóri Remake Electric, Gísli Hjálmtýsson, forstjóri Thule Invest, og Ragnhildur Geirsdóttir, framkvæmdastjóri rekstrar- og upplýsingatæknisviðs Landsbankans. Viðskiptaráð kann meðlimum nefndarinnar miklar þakkir fyrir þeirra framlag.

---

## RANNSÓKNARSJÓÐUR BREYTIST Í FRAMTÍÐARSJÓÐ

---

Rannsóknarsjóður Viðskiptaráðs tók á sig nýja og breytta mynd sem Framtíðarsjóður. Verkkeppni Viðskiptaráðs var hleypt af stokkunum undir hatti sjóðsins og haldin í fyrsta



## Hvernig verður Ísland tæknivæddasta land í heimi árið 2030?



Vikloftarið Íslands stendur fyrir verkefni (e. case competition) dagana 15.–17. september þar sem líð keppast við að svara spurningunni „Hvernig verður Ísland tæknivæddasta þjóð í heimi árið 2030?“. Sigurveiðing bjótur í veldum 100.000 krónur á mann, ásamt ferð með gistingu til Silicon Valley þar sem fremstu tæknifyrirtæki heims á boði við Google, Facebook og NASA, verða heimavert. Þá mun sigurveiðing einnig kynna laun árið fyrir vöðugandi ráðgjafa á Íslandi.

Keppnin verður haldin í Háskólinum Háskólinum í Reykjavík og verða liðnum innan handar forsetar og forystifólk úr framleiðslu fyrirtækjum. Þú verður keppnin einnig þjóðtölur til þess að kynna nýjum atvinnutækifærum.

Liðin skulu samanstanda af fjórum til fimm einstaklingum hvert en einstaklingur jafnt sem heil líð geta sótt um þátttöku. Fámennari umsóknun verður ráðað saman í líð. Aðrir eru lögð á fjölbreytta hópa frá öllum svölum, enda framliðin engum övðkomandi.

Umsóknarfræstur er til og með 12. september · Frekari upplýsingar má finna á [vi.is/verkefni](http://vi.is/verkefni)

## Eiga vélmenni líka að borga tekjuskatt?



Vikloftarið Íslands stendur fyrir verkefni (e. case competition) dagana 15.–17. september þar sem líð keppast við að svara spurningunni „Hvernig verður Ísland tæknivæddasta þjóð í heimi árið 2030?“. Sigurveiðing bjótur í veldum 100.000 krónur á mann, ásamt ferð með gistingu til Silicon Valley þar sem fremstu tæknifyrirtæki heims á boði við Google, Facebook og NASA, verða heimavert. Þá mun sigurveiðing einnig kynna laun árið fyrir vöðugandi ráðgjafa á Íslandi.

Keppnin verður haldin í Háskólinum Háskólinum í Reykjavík og verða liðnum innan handar forsetar og forystifólk úr framleiðslu fyrirtækjum. Þú verður keppnin einnig þjóðtölur til þess að kynna nýjum atvinnutækifærum.

Liðin skulu samanstanda af fjórum til fimm einstaklingum hvert en einstaklingur jafnt sem heil líð geta sótt um þátttöku. Fámennari umsóknun verður ráðað saman í líð. Aðrir eru lögð á fjölbreytta hópa frá öllum svölum, enda framliðin engum övðkomandi.

Umsóknarfræstur er til og með 12. september · Frekari upplýsingar má finna á [vi.is/verkefni](http://vi.is/verkefni)

## Hvernig höldum við íslenskunni alive?



Vikloftarið Íslands stendur fyrir verkefni (e. case competition) dagana 15.–17. september þar sem líð keppast við að svara spurningunni „Hvernig verður Ísland tæknivæddasta þjóð í heimi árið 2030?“. Sigurveiðing bjótur í veldum 100.000 krónur á mann, ásamt ferð með gistingu til Silicon Valley þar sem fremstu tæknifyrirtæki heims á boði við Google, Facebook og NASA, verða heimavert. Þá mun sigurveiðing einnig kynna laun árið fyrir vöðugandi ráðgjafa á Íslandi.

Keppnin verður haldin í Háskólinum Háskólinum í Reykjavík og verða liðnum innan handar forsetar og forystifólk úr framleiðslu fyrirtækjum. Þú verður keppnin einnig þjóðtölur til þess að kynna nýjum atvinnutækifærum.

Liðin skulu samanstanda af fjórum til fimm einstaklingum hvert en einstaklingur jafnt sem heil líð geta sótt um þátttöku. Fámennari umsóknun verður ráðað saman í líð. Aðrir eru lögð á fjölbreytta hópa frá öllum svölum, enda framliðin engum övðkomandi.

Umsóknarfræstur er til og með 12. september · Frekari upplýsingar má finna á [vi.is/verkefni](http://vi.is/verkefni)



“Ísland er mjög gott á margan máta. Við erum með þetta kennitölukerfi sem er einstakt við Norðurlöndin og getum því tengt alla gagnagrunna saman mjög auðveldlega. Við höfum mjög gott og öflugt heilbrigðiskerfi svo það er verið að skrá allt niður. Það er því hægt að nýta gögn sem nú þegar eru til staðar”

#### - Sigurvegarar Verkkeppni Ví

skiptið helgina 15.-17. september 2017. Á sama tíma og keppnin var liður í hátíðardagskrá ráðsins vegna

aldarafmælisins samræmdest hún áherslum ráðsins á stafræna framtíð. Þótti þá viðeigandi að horfa til

framtíðar og fela næstu kynslóðum það burðarhlutverk að svara spurningunni: “Hvernig verður Ísland tæknivæddasta land í heimi árið 2030”? Því kepptust þar 11 lið ungra einstaklinga við að svara spurningunni og fengu liðin eina helgi til verkefnisins. Keppnin var haldin í Háskólanum í Reykjavík og tóku alls 50 manns þátt í keppninni í ár en yfir 100 umsóknir bárust.

Þeir Daníel Alexandersson, Viðar Róbertsson, Davíð Þór Jónsson, Alexander Jósep Blöndal, læknisfræðinemar í HÍ og Vilhjálmur Pálmason, hugbúnaðarverkfræðinemi úr HR, urðu hlutskarpastir með hugmynd sinni um byltingu í heilbrigðiskerfinu með nýtingu gervigreindar. Tillaga þeirra sneri að því hvernig nýta mætti gervigreind í forvarnarskyni og þar með draga úr álagi á heilbrigðisþjónustunni í framtíðinni. Úrslit voru kunngerð og verðlaun afhent af menntamálaráðherra á afmælishátíð Viðskiptaráðs. Dómnefnd hafði orð á því að hugmyndin hefði ekki aðeins verið frumleg og vel við hæfi í núverandi umræðu um heilbrigðiskerfið, heldur hafi þeim einnig þótt áhugavert að sjá upprennandi lækna leggja til lausn sem drægi mögulega úr vinnuframlagi þeirrar stéttar sem þeir gengju inn í. Í

# VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS



# VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS




Því fælist mikil auðmýkt og vilji til að betrumbæta umhverfið.

---

## VINNINGSFERÐ Í KÍSILDALINN

---

Í verðlaun fyrir sigur í keppninni hlutu liðsmenn ferð til Kísildalsins í Kaliforníu að launum og var ferðin farin dagana 17.-21.október 2017. Með í för var Krístrún Frostadóttir, hagfræðingur Viðskiptaráðs. Þar heimsótti hópurinn fyrirtæki í tæknigeiranum, þar á meðal IBM, Facebook, Google, Uber, LinkedIn, og Stanford háskóla. Hópurinn fékk innsýn inn í ört stækkandi heim tæknifyrirtækja og nýtingu tækninnar á ýmsum sviðum, auk þess að fá tækifæri til að ræða hugmyndir sínar við starfsfólk fyrirtækjanna. Meðlimir sigurliðsins höfðu orð á því að ferðin hefði opnað augu þeirra fyrir stórkostlegum möguleikum þegar kemur að nýtingu tækni, bæði í starfsemi fyrirtækja og hins opinbera, og vonast til að tillögur þeirra fái hljómgrunn innan heilbrigðiskerfisins. Viðskiptaráð Íslands vill sérstaklega þakka þeim einstaklingum sem aðstoðuðu við skipulagningu ferðarinnar; Íslendingar hér heima sem og erlendis, auk starfsmanna í Kísildalnum og San Francisco sem gáfu sér tíma til að taka á móti liðinu.



---

## FLEIRI HUGMYNDIR ÚR VERKKEPPNINI FÁ BRAUTARGENGI

---

Verkkeppni Viðskiptaráðs Ísland er liður í því að virkja ungt fólk í að móta framtíðarsýn fyrir Ísland, hvort sem það snýr að atvinnulífinu eða hinu opinbera. Fjöldmargar áhugaverðar tillögur komu fram í september síðastliðnum og hvatti Viðskiptaráð öll liðin sem tóku þátt til að halda ótrauð áfram með hugmyndir sínar.

Annað lið sem tók þátt í Verkkeppni Viðskiptaráðs fékk þau tíðindi síðasta

haust frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu að verkefni þeirra um „Nýsköpunarmiðstöðina Jaka“ verði styrkt um 500 þús. kr. til að koma verkefninu af hugmyndastigi. Viðskiptaráð hafði milligöngu um að skipuleggja fundinn með ráðherra. Annað lið með hugmynd um að rafvæða og skýra umsóknarferli á vegum hins opinbera á netinu, „Bjúró“, fundaði einnig viðeigandi ráðamönnum og kynnti hugmynd sína.

Ljóst er að verkeppni Viðskiptaráðs er komin til að vera í viðburðadagatali ráðsins en viðburðurinn er styrktur úr nýnefndum Framtíðarsjóði Viðskiptaráðs Íslands (fyrrum Rannsóknasjóði).

---

## HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK STENDUR STERKUM FÓTUM

---

Menntasjóður Viðskiptaráðs Íslands stóð að stofnun Háskólans í Reykjavík sem hefur nú starfað í um 20 ár við góðan orðstír. Á þessum tíma hefur skólinn tekið miklum breytingum, en stærstu skrefin voru vafalaust sameining hans við Tækniháskóla Íslands árið 2005 og flutningur í nýtt 27.000 fermetra húsnæði við rætur Öskjuhlíðar á árinu 2010. Með kaupum Háskólans í Reykjavík og bakhjarla, árið 2014, á öllum fasteignum skólans á háskólasvæðinu við Öskjuhlíð tókst að snúa við rekstri skólans og styrkja fjárhagslegan grundvöll hans til lengri tíma.

Í kjölfar samningsins var stjórnskipulag skólans endurskoðað og ný stjórn tók til starfa. Háskólaráð fer enn með æðsta vald skólans og markar stefnu hans til lengri tíma. Ný stjórn skólans sinnir aftur á móti þeim viðfangsefnum sem snúa að almennum rekstri hans. MVÍ er meirihlutaeigandi í skólanum og mun halda áfram að koma að rekstri hans með virkum hætti í gegnum störf háskólaráðs og stjórnar.

Háskólinn í Reykjavík býður nú upp á vandað og fjölbreytt nám á mörgum sviðum. Skólinn útskrifar í dag tvo af hverjum þremur þeirra sem útskrifast með tæknimenntun á háskólastigi, helming viðskiptamenntaðra og þriðjung þeirra sem ljúka prófi í lögum. Auk þessa hefur framlag skólans til rannsókna og nýsköpunar farið vaxandi með hverju árinu sem líður. Þessum mikla árangri ber auðvitað fyrst og fremst að þakka því frábæra starfsfólki sem hefur byggt upp starfsemi skólans.

---

### ÞRIGGJA ÁRA STÚDENTSPRÓF MÆLIST VEL FYRIR

---

Verzlunarskólinn tók til starfa haustið 1905. Stofnaðilar skólans voru Verzlunarmannafélag Reykjavíkur og Kaupmannaráð Reykjavíkur. Markmiðið með stofnun skólans var að auðvelda Íslendingum að afla sér menntunar á verslunarsviði. Verzlunarráð (nú Viðskiptaráð) tók svo yfir rekstur skólans árið 1922 og hafði umsjón með uppbyggingu skólans í yfir 90 ár.

Á þeim hundrað árum sem liðin eru frá stofnun skólans hefur margt breyst.

Nemendafjöldi hefur margfaldast og námsframboð orðið fjölbreyttara með hverjum áratuginum sem liðið hefur. Má því segja að Verzlunarskólinn hafi á þessum hundrað árum viðhaldið þeim sérkennum sínum að vera framsækinn skóli sem jafnan hefur leitast við að bjóða upp á fjölbreytt nám sem svarar kröfum síns tíma.

Viðskiptaráð Íslands hefur lengi talað fyrir því að námstími til stúdentsprófs verði stytur um eitt ár. Með nýjum lögum um framhaldsskóla frá árinu 2008 sköpuðust undirstöður sem nauðsynlegar voru til þess að leggja í slíka vegferð. Að frumkvæði Viðskiptaráðs samþykkti skólanefnd vorið 2013 að unnið yrði að styttingu námstíma til stúdentsprófs um eitt ár. Margra ára vinna hefur nú borið þann árangur að allar brautir skólans eru nú þriggja ára námsbrautir til stúdentsprófs. Rík áhersla hefur verið lögð á að halda sömu gæðum náms þannig að útskrifaðir nemendur séu vel í stakk búnir fyrir hvaða nám sem er á háskólastigi.

Viðskiptaráð skipar nú þrjá af níu meðlimum fulltrúaráðs Verzlunarskólans.

# VETTvangur Tengsla

## NÝ-SKÖPUN-NÝ-TENGL

Tengslakvöldum undir merkinu Ný-sköpun-Ný-tengsl var hleypt af stokkunum árið 2007 með það markmið í huga að leiða saman reynslumikla stjórnendur, svokallaða mentora, og áhugasama frumkvöðla sem eru að stíga sín fyrstu skref í atvinnurekstri. Með þessu hefur skapast farvegur fyrir félaga í Viðskiptaráði til að leggja sitt á vogarskálarnar í uppbyggingu atvinnulífsins. Icelandic Startups hefur verið dyggur samstarfsaðili í skipulagi og utanhaldi þessara viðburða og einnig hafa fjölmörg fyrirtæki úr félagagrunni ráðsins tekið að sér gestgjafahlutverk.

Árið 2016 tók Deloitte á móti stórum hópi fulltrúa nýsköpunarfyrirtækja og mentora í Turninum í Kópavogi. Sigurður Páll Hauksson, forstjóri Deloitte, setti kvöldið og kynnti meðal annars Technology Fast 50 verkefnið sem er kjarninn í framlagi fyrirtækisins til nýsköpunar. Með verkefninu er skapaður sérstakur vettvangur fyrir íslensk tæknifyrirtæki til að vekja athygli

fjárfesta, mögulegra samstarfsaðila og annarra hagsmunaaðila í fjölmörgum löndum.

Árið 2017 var Nýherji gestgjafi og bauð fulltrúum nýsköpunarfyrirtækja og mentorum í kvöldverðarboð í höfuðstöðvunum í Borgartúni. Finnur Oddsson, forstjóri Nýherja, opnaði kvöldið og fjallaði meðal annars um mikilvægi tengslakvölda sem þessa. Ásta S. Fjeldsted, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, ávarpaði einnig hópinn og kom þar í fyrsta skiptið fram fyrir hönd ráðsins.

NÝSKÖPUNAR-  
FYRIRTÆKI SEM  
TÓKU ÞÁTT ÁRIÐ  
2016:

ALDIN DYNAMICS

ANKRA

FUGLAFÁR

HAP+

PLATOME


RADIANT GAMES

STUDY CAKE

TAGPLAY

WASABI ICELAND

WATCHBOX



NÝSKÖPUNAR-  
FYRIRTÆKI SEM  
TÓKU ÞÁTT ÁRIÐ  
2017:

PLATOME

VISKA

INSPIRALLY

TRAVELADE

GENKI  
INSTRUMENTS


MYSHOPOVER

REYKJAVIK RAIN-  
BOW MUSEUM

SKAGINN 3X

SOLID CLOUDS

REYKJAVIK FOODS





# VÍ „SENDIHERRAR“

Viðskiptaráð styrkti bönd sín við hina ýmsu hópa á tímabilinu þvert á lítróf atvinnu- og háskólalífs. Ásta S. Fjeldsted, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, sat t.a.m. í pallborði fyrir hönd Íslands á viðburði hjá Alþjóða viðskiptastofnuninni World Trade Organization - WTO í Genf sem kallast #SheTrades session. Ungar athafnakonur, Ökonomía og Vaka fengu m.a. innsýn í starf ráðsins.



# ALÞJÓÐASVIÐ

## FORMENN MILLILANDARÁÐA

AMERÍSK-ÍSLENSKA VIÐSKIPTARÁÐIÐ  
AMERICAN-ICELANDIC CHAMBER OF COMMERCE  
**BIRKIR HÓLM GUÐNASON**

BRESK-ÍSLENSKA VIÐSKIPTARÁÐIÐ  
BRITISH-ICELANDIC CHAMBER OF COMMERCE  
**WILLIAM SYMINGTON**

DANSK-ÍSLENSKA VIÐSKIPTARÁÐIÐ  
DANSK-ISLANDSK HANDELSKAMMER  
**SVERRIR SVERRISSON/HALLGRÍMUR BJÖRNSSON\***

FRANSK - ÍSLENSKA VIÐSKIPTARÁÐIÐ  
CHAMBRE DE COMMERCE FRANCO-ISLANDAISE  
**BALDVIN BJÖRN HARALDSSON**

FÆREYSK-ÍSLENSKA VIÐSKIPTARÁÐIÐ  
FØROYSKT-ÍSLENSKT HANDILSKAMAR  
**GÍSLI GÍSLASON/GUNNAR KARL GUÐMUNDSSON\***

GRÆNLENSK-ÍSLENSKA VIÐSKIPTARÁÐIÐ  
GREENLANDIC-ICELANDIC CHAMBER OF COMMERCE  
**ÁRNI GUNNARSSON**

ÍTALSK-ÍSLENSKA VIÐSKIPTARÁÐIÐ  
LA CAMERA DIE COMMERCIO ITALO-ISLANDESE  
**BENEDETTO VALUR NARDINI**

JAPANSK-ÍSLENSKA VIÐSKIPTARÁÐIÐ  
在アイスランド日本商工会議所  
**ÚLFAR STEINDÓRSSON**

NORÐURSLÓÐA VIÐSKIPTARÁÐIÐ  
ICELANDIC-ARCTIC CHAMBER OF COMMERCE  
**HEIÐAR GUÐJÓNSSON**

NORSK-ÍSLENSKA VIÐSKIPTARÁÐIÐ  
NORSK-ISLANDSK HANDELSKAMMER  
**GUÐMUNDUR EINARSSON**

SPÁNSK-ÍSLENSKA VIÐSKIPTARÁÐIÐ  
LA CÁMARA DE COMERCIO HISPANO ISLANDESA  
**FRÍÐRIK STEINN KRISTJÁNSSON**

SÆNSK-ÍSLENSKA VIÐSKIPTARÁÐIÐ  
ISLÄNDSK-SVENSKA HANDELSKAMMAREN  
**ALBERT MAGNÚSSON/JOHANN JOHANNSSON\***

ÞÝSK-ÍSLENSKA VIÐSKIPTARÁÐIÐ  
DIE ISLÄNDISCHE AUSSENHANDELSKAMMER  
**PÁLL KR PÁLSSON**

**\*FORMANNASKIPTI Á TÍMABILINU 2016 – 2018**



Frá formannaráðsfundi Alþjóðasviðs í nóvember 2016 þar sem Guðni Th. Jóhannesson var sérstakur gestur



Frá stofnfundi Japansk-íslenska millilandaráðsins þann 6. júní 2017

---

## VÍÐTÆKT TENGLANET

---

Alþjóðasvið er sjálfstætt svið sem tengist Viðskiptaráði Íslands sterkum böndum. Alþjóðasvið gegnir mikilvægu hlutverki við uppbyggingu viðskiptatengsla milli íslenskra fyrirtækja og erlendra og stendur fyrir fjölbættri starfsemi sem styður við það hlutverk ásamt því að stuðla að aukinni alþjóðavæðingu í íslensku atvinnulífi. Þar fer fram öflugt samstarf sem miðar ennfremur að því að bæta aðgengi innlendra fyrirtækja að erlendum mörkuðum og styrkja velvild í þeirra garð.

Á sviðinu starfa þrettán millilandaráð (sjá bls. 90) sem er ætlað að örva viðskipti, koma á sambandi milli fyrirtækja eða forsvarsmanna fyrirtækja, standa fyrir fundum og öðrum viðburðum sem eflt geta þekkingu og samvinnu milli landa og annast þjónustu við félag.

Hvert og eitt ráð er fjárhagslega sjálfstætt og greiðir Viðskiptaráði Íslands fyrir aðstöðu og laun forstöðumanns. Þann 15. ágúst 2017 tók Sigrún Lilja Guðbjartsdóttir við starfi forstöðumanns Alþjóðasviðs Viðskiptaráðs Íslands.

Yfir 900 fyrirtæki eiga aðild að millilandaráðunum og er tæpur helmingur þeirra erlendis frá. Stjórnir ráðanna eru skipaðar forsvarsmönnum fyrirtækja beggja landa í hverju tilviki og í þeim eiga sæti alls um 120 manns sem allir sinna störfum í þágu atvinnulífs í sjálfböðavinnu.

---

### STARFSEMI 2016 & 2017

---

Starfsemi millilandaráðanna er fjölbreytt þar sem hver viðburðurinn rekur annan bæði héraðs og erlendis. Að undanförunu hefur verið lögð áhersla á að millilandaráðin efla samvinnu sín í milli og leitist við að koma á framfæri sameiginlegum hagsmunum þegar það á við. Formenn ráðanna hafa af þessu tilefni hist á formannafundum sem hefur mælst vel fyrir og fer formannaráð fremst í flokki með umsjón og framkvæmd sameiginlegra viðburða formanna og ráða. Einnig hefur verið lögð rækt við samstarf og samvinnu við aðrar stofnanir og boðið hefur verið upp á fjölbreytni í viðburðum á borð við; viðskiptasendiferðir, ráðstefnur, morgun- og hádegisverðarfundir, opna fundir, móttökur, fyrirtækjaheimsóknir,

forsýningar kvikmynda og bíókvöld, útgáfuboð, vinkynningar, steikarkvöldverð, golfmót og margt fleira. Öllum ráðum hefur gengið vel að viðhalda félagafjölda og fá til liðs við sig nýja einstaklinga og fyrirtæki.

---

### SAMSTARF VIÐ ERLENDAR STOFNANIR OG FYRIRTÆKI

---

Mikilvægur þáttur í starfi millilandaráða Alþjóðasviðs Viðskiptaráðs Íslands eru samskipti við erlend systursamtök, alþjóðlegar stofnanir, fulltrúa erlendra ríkja á Íslandi og fleiri. Millilandaráðin hafa þar hjálpað mikið til á undanförunum árum og átt góð samskipti við bæði sendiráð og ræðisskrifstofur viðkomandi landa sem hefur orðið til að skjóta styrkari stöðum undir tilvist ráðanna. Þýsk-íslenska viðskiptaráðið (ÞÍV) er t.a.m. beintengt samtökum þýskra viðskiptaráða og nýtur stuðnings þeirra og samvinnu við þau. Dansk-, sænsk og norsk-íslensku viðskiptaráðin eiga einnig gott samstarf við þarlend viðskiptaráð. Bresk-íslenska viðskiptaráðið tekur þátt í starfi samtaka breskra viðskiptaráða í Evrópu og Amerísk-íslenska hefur átt samstarf við Euro-AmCham, eða

Samtök bandarískra viðskiptaráða í Evrópu.

Fyrsta skipulagða póstferðin til Íslands var farin árið 1776. Á þeim grunni hefur Pósturinn þjónað landsmönnum um aldir og mætt síbreytilegum þörfum um vöruflutninga með þéttu þjónustuneti innanlands og milli allra landa heims.

- ÍSLANDSPÓSTUR

Nasdaq er leiðandi alþjóðlegt tæknifyrirtæki sem auðveldar fyrirtækjum og fjárfestum að ná árangri á fjármálamarkaði.

- NASDAQ ICELAND OG NASDAQ CSD ICELAND

Í rúma hálfu öld hefur starfsemi Mannvits hf. verið samofin framförum á Íslandi, úr fábreytni til nútímalegs samfélags með fullkomnum mannvirkjun, og starfsmenn þess hafa átt ríkan þátt í að byggja upp í landinu alþjóðlega þekkingu og reynslu.

- MANNVIT

Stofnun Eimskipafélags Íslands var stór undanfari að fullveldisbaráttu Íslendinga, þar sem allur þorri almennings, viðskiptalífið og þingið fylktu sér að baki hugmyndinni.

- EIMSKIP

Ástríða mín hefur verið að búa íslenskum hönnuðum vettvang til að koma hönnun sinni á framfæri erlendis í formi skemmtilegra viðburða og áhugaverðrar umfjöllunar.

- REYKJAVÍK RUNWAY

Það er til marks um breytta tíma að þegar Sveinn Björnsson, síðar fyrsti forseti Íslands, stofnaði fyrstu lögmannsstofu landsins árið 1907 þótti mörgum óðs manns æði að vera með slíkan lúxus sem sérstök skrifstofa þótti vera á þessum tíma. LOGOS á rætur sínar að rekja til þessarar stofu sem var stofnuð fyrir 110 árum.

- LOGOS

Þjónusta við atvinnulífið varðandi flutningatæki og vinnuvélar, ásamt aflvélum til sjós og lands, er okkar megin áhersla og það er gaman að vera hluti af því að viðskiptavinirnir nái auknum árangri í rekstri sínum.

- KLETTUR - SALA OG ÞJÓNUSTA

Landsvirkjun er í eigu íslensku þjóðarinnar og ber ábyrgð á því að búa í haginn fyrir farsæla framtíð Íslendinga og fara um leið vel með þá auðlind og ríkidæmi sem felast í íslenskri náttúru.

- LANDSVIRKJUN

**Mennt er máttur.**  
- LÍN

Valitor hefur vaxið hratt, bæði með innri vexti og kaupum á völdum fyrirtækjum. Undirstaða velgengni okkar og verðmætasköpunar er frábært starfsfólk og sú áhersla sem við leggjum á eigin hugbúnaðarþróun.

- VALITOR

Það var ótrúlegt að sjá hversu mikið af hliðarafurðum fisksins var hent. Í því fann ég markmið mitt – að búa til meira virði úr meinholla fiskinum okkar sem gæti látið fólki líða betur.

- ANKRA

Ístak er traustur verktaki og hefur komið að mörgum stórframkvæmdum á Íslandi undanfarna áratugi, með frumkvæði og framkvæmdagleði í fyrirrúmi sem skilar sér í góðum verkum.

- ÍSTAK

# ÞJÓNUSTA SKRIFSTOFU

---

## UPPRUNAVOTTORÐ

---



Viðskiptaráð hefur í áraraðir gefið út upprunavottorð (e. Certificate of Origin) til vöruútflutjenda. Upprunavottorðum er ætlað að staðfesta upprunaland tiltekinnar vöru. Í dag fer öll útgáfa vottorðanna fram í gegnum rafrænt kerfi sem bætt hefur þjónustuna og aukið rekjanleika vottorða samkvæmt reglum Alþjóða Viðskiptaráðsins (ICC). Vottorð er hægt að fá annað hvort rafrænt undirritað eða prentað út og stimplað á skrifstofu ráðsins. Almennur afgreiðslutími upprunavottorða er 24 klst. en sé óskað eftir flýtimeðferð fer afgreiðsla fram innan 2 klst. Rúmlega 18.000 upprunavottorð hafa verið gefin út frá því rafræna kerfið var tekið í notkun í ágúst 2014.

- 173 fyrirtæki með aðgang að rafræna kerfinu
- 20 vottorð gefin út á dag að meðaltali

---

## ATA CARNET SKÍRTEINI

---



Viðskiptaráð hefur umsjón með útgáfu ATA Carnet skírteina á Íslandi. ATA Carnet skírteini heimilar handhafa tímabundinn útflutning á vörum og vörusýnishornum. Handhafi ATA skírteinis greiðir hvorki tolla né önnur aðflutningsgjöld í þeim 87 löndum sem eru aðilar að ATA samningnum. ATA skírteini er ætlað að ferðast allan

tímann með varningnum og virkar því sem einskona „vöruvegabréf“. Ætlast er til að viðkomandi vörur séu fluttar til baka innan eins árs eftir notkun í einu eða fleiri löndum.

- **Hvernig er sótt um ATA skírteini?**

ATA skírteini eru gefin út af Viðskiptaráði Íslands. Sækja þarf um útgáfu þeirra með tveggja daga fyrirvara á sérstökum umsóknarvef fyrir skírteinin í gegnum vefslóðina [ata.vi.is](http://ata.vi.is). Þó er hægt að fá skírteini samdægurs ef óskað er eftir flýtimeðferð og, greitt er fyrir það sérstaklega.

- **Fyrir hvaða vörur þarf ATA skírteini?**


Sækja má um ATA skírteini fyrir hvers kyns vörur sem flytja á tímabundið erlendis. Helstu vöruhegundirnar sem fluttar hafa verið út á ATA skírteinum undanfarin ár eru m.a. kvikmyndatæki, sjávarútvegsvörur vegna sýninga, tölvur og hugbúnaður, listaverk og leikmunir, hljómflytningstæki, mæli- og raf-eindatæki og fatnaður.

- **Hvað kostar þjónustan?**

Kostnaður vegna ATA skírteina fer eftir verðmæti varanna sem fluttar eru út samkvæmt skírteininu og er metinn út frá þeim fimm gjaldflokkum sem ráðið býður upp á, þá er tekið gjald fyrir flýtimeðferð og önnur aukaviðvik. Viðskiptaráð fer einnig fram á tryggingu sem nemur 50% af verðmæti varanna í formi geymslugreiðslu eða bankaábyrgðar.

- **Sérkjör til félaga?**

Félagar í Viðskiptaráði fá 50% afslátt af gjöldum að skilagjaldi og flýtimeðferð frátöldu. Þar að auki þarf fjárhæð trygginga hjá félögum aðeins að nema 25% í stað 50%.



# SKRIFSTOFUSTARFSEMI

HJÁ VIÐSKIPTARÁÐI STARFA NÚ ÁTTA MANNS Í FULLU STARFI



**ÁSTA S.  
FJELDSTED**

*FRAMKVÆMDASTJÓRI*



**HULDA  
SIGURJÓNSDÓTTIR**

*MÓTTÖKURITARI*



**KONRÁÐ S.  
GUÐJÓNSSON**

*HAGFRÆÐINGUR*



**LEIFUR  
HREGGVIÐSSON**

*SÉRFRÆÐINGUR Á  
HAGFRÆÐISVIÐI*



**MARGRÉT BERG  
SVERRISDÓTTIR**

*SÉRFRÆÐINGUR Á  
LÖGFRÆÐISVIÐI*



**MARTA GUÐRÚN  
BLÖNDAL**

*LÖGFRÆÐINGUR OG AÐSTOÐAR-  
FRAMKVÆMDASTJÓRI*



**SIGRÚN LILJA  
GUÐBJARTSDÓTTIR**

*FORSTÖÐUMAÐUR  
ALÞJÓÐASVIÐS*



**VÉDÍS HERVÖR  
ÁRNADÓTTIR**

*SAMSKIPTA- OG  
MIÐLUNARSTJÓRI*



Talsverðar mannbreytingar hafa átt sér stað á síðastliðnu ári. Við flutninga ráðsins og samnýtingu rekstrarsviðs í Húsi atvinnulífsins lagðist starf fjármálastjóra ráðsins af, í byrjun árs 2016, sem Þórunn Stefánsdóttir hafði sinnt. Kristín Hjálmtýsdóttir lét af störfum í byrjun árs 2016 sem framkvæmdastjóri Alþjóðasviðs Viðskiptaráðs eftir 20 ára starf og uppbyggingu sviðsins. Við af henni tók Hulda Bjarnadóttir sem lét af störfum í júní 2017. Sigrún Lilja Guðbjartsdóttir tók við sem forstöðumaður Alþjóðasviðs. Frosti Ólafsson lét af störfum í byrjun árs 2017. Hafði hann þá starfað hjá ráðinu í samtals 7 ár, með hléum, fyrst sem hagfræðingur ráðsins og síðar framkvæmdastjóri til fjögurra ára. Við af honum tók Ásta S. Fjeldsted en hún gekk, líkt og Frosti, til liðs við Viðskiptaráð frá ráðgjafafyrirtækinu McKinsey & Company. Þá lét Björn Brynjúlfur Björnsson hagfræðingur ráðsins af störfum í byrjun árs 2017. Við af Birni tók Krístrún Frostadóttir og starfaði hún hjá ráðinu til loka árs

2017. Við starfi hagfræðings tók Konráð S. Guðjónsson og hóf hann störf nú 15. janúar 2018. Ásthildur Gunnarsdóttir lét af störfum sem sérfræðingur í samskipta- og útgáfumálum og tók Védís Hervör Árnadóttir við sem samskipta- og miðlunarstjóri ráðsins. Sigurður Tómasson, hagfræðingur og Leifur Hreggviðsson, viðskiptafræðingur hafa báðir gegnt starfi sérfræðings á hagfræðisviði á tímabilinu. Ragnhildur Björnsdóttir tók tímabundið við starfi móttökuritarara á meðan Hulda Sigurjónsdóttir var í fæðingarorlofi á árinu 2017.

---

## HÚS ATVINNULÍFSINS

---

Starfsemi ráðsins staðnæmdist lengi við Hús verslunarinnar, eða í tæpa hálfu öld þar til ákvörðun var tekin um að kaupa hluta af 5. hæð Húss atvinnulífsins af Samtökum atvinnulífsins í byrjun árs 2014. Hæðin var endurskipulögð með þarfir beggja

samtaka í huga og gerði báðum aðilum kleift að draga úr fermetraþörf sinni.

Samnýting stoðþjónustu og sameiginlegrar aðstöðu með öðrum félagasamtökum hússins gerir Viðskiptaráði kleift að huga enn frekar að kjarnastarfsemi sinni. Afar vel hefur reynst að starfa í návígi við þau samtök sem hafa aðsetur sitt í Húsi atvinnulífsins. Aukið samstarf og meiri sérhæfing skila sterkari heild en ella.



# FJÖLBREYTTARI MIÐLUN

Síðustu tvö ár hafa miklar breytingar átt sér stað hvað miðlunarleiðir og framsetningu á efni varðar. Málefnnastarfi ráðsins er, sem fyrr, gerð góð skil með sérhannaðri vefsíðu ráðsins sem jafnframt er sniðin að þörfum notanda snjallsíma og spjaldtölva til að hámarka notagildi síðunnar.

Viðskiptaráð gefur einnig út reglulegt fréttabréf þar sem útgáfu og málefnnastarfi ráðsins eru gerð góð skil. Facebook hefur verið helsti vettvangur ráðsins á þessu sviði og hefur fylgjendum síðu ráðsins fjölgað úr 2.900 í byrjun árs 2016 til 4.425 í lok árs 2017. Af þeim eru 4.394 sem kjósa að vakta það sem ráðið gefur út á miðlinum. Á árinu 2017 hefur ráðinu

vaxið fiskur um hrygg við fleiri boðleiðir sínar, m.a. í gegnum myndrænt efni, stuttar tístkannanir, örmyndbönd og hnitmiðaðri nálgun á efnivið með styttri skilaboðum sem betur ná til áhorfspróunar á netmiðlum. Þessar breytingar þjóna mikilvægu hlutverki til að unnt sé að miðla efni frá Viðskiptaráði þvert á samfélagshópa.



**Samantekt á Peningamála fundi 2017 -**

1:21



**Verkkeppni Viðskiptaráðs haldin í fyrsta sinn helgina**

1:10



**Opinn fyrirlestur Dominic Barton í Háskólabíói 2017**

51:35



**Hvað finnst stjórnendum um peningastefnuna og**

4:21



**Viðskiptaráð Íslands**  
@vidskiptarad

Follow

Hvert af eftirfarandi þingmálum finnst þér mikilvægast að ná í gegn fyrir þinglok á **@Althingi?** **#thinglok**

- 32% VSK á ferðaþjónustuna
- 24% Jafnaunavottun
- 33% Áfengisfrumvarpið
- 11% Bilastæðagi, á ferðam.st.

240 votes • Final results



**Viðskiptaráð Íslands**  
@vidskiptarad

Follow

Telur þú að samkeppnishæfni Íslands hafi batnað eða versnað árið 2016?  
**#samkeppnishæfni #menntun #mannauður islandsbanki.is/um-islandsbank ...**

- 71% Batnað
- 29% Versnað


38 votes • Final results

# VÍ ÚTBREIÐSLA



#100ÁRVÍ #PENINGAMALAFUNDUR #PERSONUVERND #SAMKEPPNISHAEFNI #VIÐSKIPTAÞING




6 KONUR & 2 KARLMENN STARFANDI




FYLGJENDUR Á FACEBOOK





TWITTER ÞÁTTTÖKUÁUKNING  
FRÁ BYRJUN 2017



**UMFANG UMFJÖLLUNAR EFTIR  
TEGUNDUM FJÖLMIÐLA ÁRIÐ 2017**




**FJÖLMIÐLAUMFJÖLLUN**



**ÞRÓUN UMFJÖLLUNAR Á  
LJÓSVAKAMIÐLUM**

- SJÓNVARP
- ÚTVARP

**223 AÐILDARFÉLAGAR -  
SAMSETNING ÚT FRÁ VELTU**



- MEIRI (>2,5 MA. KR.)
- MÍÐLUNGS (250 M.KR. - 2,5 MA.KR.)
- MINNI (<250 M.KR.)

**MÁLEFNASTARF 2016 -2018**

	<b>134 FRÉTTIR</b>
	<b>21 GREINAR</b>
	<b>17 KYNNINGAR</b>
	<b>17 SKOÐANIR</b>
	<b>6 SKÝRSLUR</b>
	<b>51 UMSÖGN</b>
	<b>25 VIÐBURÐIR</b>

# REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2017

	2017	2016
<b>REKSTRARTEKJUR</b>		
Árgjöld	99.104.634	94.780.144
Tekjur af aldarafmælishátíð	6.451.066	0
Aðrar tekjur	60.247.359	64.706.531
	<b>165.803.059</b>	<b>159.486.675</b>
<b>REKSTRARGJÖLD</b>		
Laun og launatengd gjöld	104.503.006	102.963.348
Annar rekstrarkostnaður	49.482.838	53.628.408
Kostnaður við aldarafmælishátíð	25.863.727	0
Rekstur fasteignar	3.300.075	5.258.017
Afskriftir	2.333.643	2.204.430
	<b>185.483.289</b>	<b>164.054.203</b>
<b>REKSTRARAFKOMA</b>	<b>(19.680.230)</b>	<b>(4.567.528)</b>
<b>FJÁRMUNATEKJUR OG (-GJÖLD)</b>		
Vaxtatekjur og gengismunur	3.568.969	7.563.877
Vaxtagjöld	(28.742)	(100.049)
	<b>3.540.227</b>	<b>7.463.828</b>
<b>AFKOMA ÁRSINS</b>	<b>(16.140.003)</b>	<b>2.896.300</b>

Hægt er að nálgast afrit af ársreikningnum í heild sinni á skrifstofu Viðskiptaráðs

# EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2017

EIGNIR	2017	2016
<b>FASTAFJÁRMUNIR</b>		
Varanlegir rekstrarfjármunir:		
Fasteign	76.809.591	78.443.283
Húsgögn	3.209.722	3.653.221
Áhöld og búnaður	978.123	643.078
	<b>80.997.436</b>	<b>82.739.582</b>
<b>ÁHÆTTUFJÁRMUNIR:</b>		
Eignarhlutur í félagi	1.000.000	1.000.000
<b>FASTAFJÁRMUNIR SAMTALS</b>	<b>81.997.436</b>	<b>83.739.582</b>
<b>VELTUFJÁRMUNIR</b>		
Óinnheimt árgjöld	2.548.710	2.463.892
Viðskiptakröfur	4.189.685	13.894.529
Aðrar skammtímakröfur	526.100	852.080
Handbært fé	160.793.479	172.149.202
	<b>168.057.974</b>	<b>189.359.703</b>
<b>EIGNIR SAMTALS</b>	<b>250.055.410</b>	<b>273.099.285</b>
<b>EIGIÐ FÉ OG SKULDIR</b>	<b>2017</b>	<b>2016</b>
<b>EIGIÐ FÉ</b>		
Varasjóður	225.164.351	241.304.354
<b>SKAMMTÍMASKULDIR</b>		
Viðskiptaskuldir	4.278.225	3.406.541
ATA Carnet skilagjald	5.068.218	4.403.218
Aðrar skammtímaskuldir	8.684.788	14.057.100
Fyrirfram innheimtar tekjur	0	3.074.677
Endurmenntunarsjóður Viðskiptaráðs Íslands	6.859.828	6.853.395
	<b>24.891.059</b>	<b>31.794.931</b>
<b>SKULDIR OG EIGIÐ FÉ SAMTALS</b>	<b>250.055.410</b>	<b>273.099.285</b>

100<sup>ár</sup>

VIÐSKIPTARÁÐ  
ÍSLANDS

STOFNAÐ 1917

